

UT blaðið



Meðal efnis:


- UT-dagurinn haldinn 8. mars
- Alla leið með rafrænum skilríkjum
- Ísland.is: Leiðarvísir um opinbera þjónustu
- Reykjavík í einum smelli
- Sjálfsafgreiðsla sparar þúsundir vinnudaga á ári



UT DAGURINN

Efnisyfirlit

- 4 Nýtum tímann – Notum tæknina
- 4 Dagur upplýsingatækninnar
- 6 Einfaldara Ísland
- 8 Farsímanotkun möguleg á öllum hringveginum í árslok
- 10 Leiðarvísir um opinbera þjónustu
- 12 Ísland.is – Einfaldari stjórnsýsla
- 12 Aukin þjónusta og lýðræðislegri stjórnsýsla
- 14 Níu af hverjum tíu Íslendingum nota tölvur
- 15 Opinberir vefir uppfylli lágmarksskilyrði
- 15 Mikið hagræði og aukin skilvirkni
- 16 Spurning um siðferði og meiri tekjumöguleika
- 17 Upplýsingar sem snerta um 92.000 Íslendinga
- 18 Öruggar spjallrásir
- 18 Fjölhæfari en auðkennislyklar
- 19 Alla leið með rafrænum skilríkjum
- 19 Skilríki.is – allt um rafræn skilríki
- 20 Tímamantanir á Vefnum
- 20 Til hagsbóta fyrir stjórnendur og starfsmenn
- 22 Fjölbreyttar upplýsingar og þjónusta
- 24 Áætlað að taka nýjan sæstreng í notkun haustið 2008
- 24 Aukið öryggi og bætt þjónusta
- 25 Reikningana rafrænt – pappírinn burt
- 26 Viðskiptavinum spöruð spörin
- 28 Fyrsta bæjarfélag Evrópu með 100% ljósleiðaratengingu
- 29 Neytendastofa treystir öryggi og réttindi neytenda í viðskiptum
- 30 Ótvírætt gildi fyrir nemendur og kennara
- 31 Upplýsingatækni styrkir stöðu dreifðra byggða
- 32 Umsóknarferlið alfarið rafrænt
- 32 Hvað gerir gegnir.is fyrir þig?
- 33 Reykjavík í einum smelli
- 34 Stærsta upplýsingaveita á Íslandi
- 34 Ótal möguleikar til að miðla þekkingu
- 36 Sjálfsafgreiðsla borgaranna sparar þúsundir vinnudaga á ári
- 38 Minni kostnaður og aukið hagræði



Ritstjórn og ábyrgð: Guðbjörg Sigurðardóttir og Haraldur Sverrisson
Umsjón: AP almannatengsl
Hönnun og umbrot: H2 hönnun
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

BYGGÐU FRAMTÍÐINA Á STERKUM GRUNNI

Tækni- og verkfræðideild er stærsta deild Háskólans í Reykjavík. Helsta hlutverk hennar er meðal annars að:

- Veita afburða háskólamenntun fyrir tæknifólk og stjórnendur framtíðar.
- Stunda öflugar rannsóknir og sinna nýsköpunar- og þróunarstörfum í tæknifræði, tölvunarfræði og verkfræði.

Við tækni- og verkfræðideild HR er boðið upp á eftirfarandi nám:

Verkfræði

BSc í fjármálaverkfræði
BSc í heilbrigðisverkfræði
BSc í hátækniverkfræði
BSc í hugbúnaðarverkfræði
BSc í rekstrarverkfræði
MSc í byggingarverkfræði

Tæknifræði

BSc í byggingartæknifræði
BSc í rafmagnstæknifræði
BSc í vél- og orkutæknifræði
MSc í byggingartæknifræði

Tölvunarfræði

BSc í tölvunarfræði
MSc í tölvunarfræði

Iðnfræði

Frumgreinar

HÖFUM OPNAÐ FYRIR UMSÓKNIR
FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2007 - 2008

Hringdu og fáðu sent upplýsingaefni
eða bókaðu tíma hjá námsráðgjafa
í síma 599 6200.

Kíktu á www.hr.is



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2 • HÖFÐABAKKI 9 • KRINGLAN 1
SÍMI: 599 6200 www.hr.is

Nýtum tímann – Notum tæknina



Dagur upplýsingatækninnar, UT-dagurinn, verður haldinn öðru sinni hinn 8. febrúar nk. Í yfirskrift dagsins, Nýtum tímann – Notum tæknina, endurspeglast áherslur stjórnvalda á að upplýsingatækni beri að nýta til að einfalda samskipti einstaklinga og fyrirtækja við stjórnsýsluna. Engum dylst lengur hversu gott verkfæri upplýsingatæknin er til að bæta þjónustu og auka skilvirkni á öllum sviðum. Á síðustu árum hafa fyrirtæki og stjórnsýsla aukið jafnt og þétt þá þjónustu sem hægt er að sækja gegnum Internetið. Tækifærin til að gera betur blasa við og Íslendingar standa betur að vígi en flestar aðrar þjóðir við að nýta tæknina til hins ýtrasta. Stefna stjórnvalda er að stytta þann tíma sem almenningur og fyrirtæki þurfa að eyða í að sækja sér opinbera þjónustu eða afla upplýsinga. Samfélagslegur ávinningur er augljós, verkefni framundan mörg og krefjandi og því verður fróðlegt að fylgjast með þeim nýjungum sem kynntar verða af þessu tilefni.

Á UT-deginum vil ég hvetja fyrirtæki og stofnanir til að setja sig í spor viðskiptavina sinna og hugleiða hvernig hægt er að nota tæknina til að bæta þjónustu og nýta tímann betur.

Geir H. Haarde
forsætisráðherra

UT-dagurinn

Dagur upplýsingatækninnar

Forsætisráðuneyti og fjármálaráðuneyti standa að undirbúningi UT-dagsins sem haldinn verður 8. mars 2007. Þema dagsins er Nýtum tímann – Notum tæknina og verður lögð áhersla á að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar sem verkfæris til að minnka skriffinnsku, spara tíma og auka hagræði. UT-blaðið er gefið út í tilefni dagsins en ýmislegt fleira verður á döfni.

Áhugaverðir viðburðir sem tengjast UT-deginum og sýningunni Tækni og vit:

- 3. mars** UT-blaðið gefið út.
- 7. mars** Opnun þjónustuveitunnar Ísland.is.
- 8. mars** Ráðstefnan Nýtum tímann – Notum tæknina sem haldin er af forsætis- og fjármálaráðuneyti í Salnum, Kópavogi.
- 9. mars** Ráðstefna um samskipti frumkvöðla og fjárfesta sem haldin er af Samtökum iðnaðarins í Salnum, Kópavogi.
- 9. mars** Tilkynnt verður um afhendingu Vaxtarsprotans, sérstakra verðlauna til sprotafyrirtækja sem skilað hafa góðum árangri, kl. 18:00 í Gerðarsafni, Kópavogi.
- 8.-11. mars** Sýningin Tækni og vit í Fífunni, Kópavogi. Sýningin er skipulögð af AP almannatengslum og gefur breiður hópur sýnenda fyrirheit um góða sýningu. Fjármála- og forsætisráðuneyti verða meðal sýnenda og kynna m.a. vefinn Ísland.is og rafræn skilríki.

Dagskrá í Salnum í Kópavogi 8. mars 2007

- 12:45** Skráning og afhending ráðstefnugagna
- 13:10** Ávarp: Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra
- 13:30** Þegar þér hentar...
Halla Björg Baldursdóttir, verkefnisstjóri í rafrænni stjórnsýslu, forsætisráðuneyti
- 13:50** Ísland.is vísar þér veginn
Bóli Þór Bollason ráðuneytisstjóri, forsætisráðuneyti
Fjóla Agnarsdóttir, verkefnisstjóri Ísland.is, forsætisráðuneyti
- 14:10** Rafræn stjórnsýsla í Reykjanesbæ
Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar
- 14:25** Borgin í einum smelli – sjálfsafgreiðsla á vef Reykjavíkurborgar
Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og rekstrarsviðs Reykjavíkurborgar
- 14:40** Kaffiveitingar
- 15:00** Alla leið: Lykill að rafrænu Íslandi
Haraldur Sverrisson skrifstofustjóri, fjármálaráðuneyti
Sæmundur Sæmundsson, stjórnarformaður Auðkennis
- 15:20** Rafræn skilríki í hnotskurn – hagnýt dæmi um notkun
Haraldur Bjarnason sérfræðingur, fjármálaráðuneyti
- 15:50** Innkaup án inngripa – rafrænir reikningar og stefna ríkisins í rafrænum innkaupum
Stefán Jón Friðriksson sérfræðingur, fjármálaráðuneyti
Bergþór Skúlason tölvunarfræðingur, Fjársýslu ríkisins
- 16:10** Umræður og lokaorð
- 16:30** Ráðstefnuslit
- 17:00** Tækni og vit 2007
Ráðstefnugestum er boðið á opnun sýningarinnar **Tækni og vit 2007** í Fífunni, Kópavogi. Léttar veitingar.



Forsætisráðuneyti



Fjármálaráðuneyti



UT DAGURINN

TÆKNI OG VIT

Stórsýningin Tækni og vit 2007

Fagsýning tækni- og
þekkingariðnaðarins
Fífunni í Kópavogi 8.-11. mars

Misstu ekki af glæsilegri sýningu!

TÆKNI OG VIT 2007

Kynntu þér það nýjasta í íslenskri hátækni á einum stærsta viðburði sem haldinn hefur verið hér á landi í tækni- og þekkingariðnaði. Yfir 100 sýnendur af öllum sviðum tæknigeirans kynna vörur sínar og þjónustu fyrir fagaðilum og almenningi.

Á Tækni og vit 2007 verða meðal annars fjölmörg tölvufyrirtæki, hugbúnaðar-, vélbúnaðar- og netfyrirtæki, auk fjarskiptafyrirtækja, orkufyrirtækja og iðntæknifyrirtækja ásamt opinberum stofnunum, sveitarfélögum, ráðuneytum, skólum, fjármála-fyrirtækjum og fjölmiðlum.

SÝNINGARTÍMI OG VERÐ

Sýningartími:	Fagaðilar	Almennir gestir
Fimmtudagur 8. mars	18:00-21:00	
Föstudagur 9. mars	11:00-19:00	
Laugardagur 10. mars	12:00-17:00	12:00-17:00
Sunnudagur 11. mars	12:00-17:00	12:00-17:00
Verð aðgöngumiða	2.000 kr.	1.200 kr.

Námsmenn, ellilífeyrisþegar og öryrkjar greiða 900 kr.
Athugið að miði fyrir fagaðila gildir alla sýningardagana.
Frítt fyrir börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum.

Kynntu þér sýninguna á www.taekniogvit.is



AP sýningar, sem eru í eigu AP almannatengsla ehf., sjá um framkvæmd sýningarinnar í samvinnu við samstarfsaðila.

samstarfsaðilar



Forsætisráðuneyti



Fjármálaráðuneyti



Iðnaðar- og
viðskiptaráðuneyti



Samtök iðnaðarins



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY



Orkuveita
Reykjavíkur



TM Software

Einfaldara Ísland

Höfundar:

Halla Björg Baldursdóttir, verkefnisstjóri í rafrænni stjórnsýslu, forsætisráðuneyti.

Páll Þórhallsson, lögfræðingur, forsætisráðuneyti.

Gátlisti vegna nýrra lagafrumvarpa, einföldun gildandi laga og reglna og bætt þjónusta hins opinbera á Netinu eru meðal verkefna til að ná markmiðum um einföldun stjórnsýslunnar á Íslandi.

Íslensk stjórnsýsla er mörgum góðum kostum búin, t.d. er viðmót persónulegra en gengur og gerist hjá öðrum þjóðum og sveigjanleiki oft meiri. Hins vegar vill það brenna við að lög og reglur séu óþarflega flóknar og stundum getur verið tafsamt að fá úrlausn sinna mála. Má nefna sem dæmi nýlega athugun umboðsmanns Alþingis sem sýndi að nokkur misbrestur er á að stjórnvöld svari erindum innan eðlilegra tímamarka og dæmi eru um að mál dagi uppi. Ríkisstjórnin ákvað haustið 2005 að efna til gæðaáttaks undir kjörorðinu Einfaldara Ísland. Markmiðið er að einfalda og bæta opinbert regluverk og stjórnsýslu. Með þessu er fyrirhugað að bæta starfsskilyrði fyrirtækja og auka þannig samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. En að sama skapi er ljóst að bætt vinnubrögð í stjórnsýslunni munu koma öllum almenningi til góða. Beinn og óbeinn kostnaður hins opinbera, atvinnulífs og almennings af flóknum reglum og tafsamri stjórnsýslu er ómældur. Það er því til mikils að vinna.

Auðvitað mætti segja að stjórnsýslan ætti í raun alltaf að hafa þessi markmið að leiðarljósi og því skjóti skökku við að efna til tímabundins áttaks. En í amstri dagsins vill gjarnan gleymast að hugsa um notandann og þá sem þurfa að fara eftir reglum þeim sem hið opinbera setur. Þá vill það brenna við að byrðar séu lagðar á fyrirtæki, til dæmis um upplýsingagjöf til yfirvalda, án þess að mat sé lagt á þann kostnað sem af hlýst og hvort hann sé forsvaranlegur. Þess vegna er hollt að setja gæðastarf af þessu tagi í forgang og leita leiða til að ná úrbótum með einföldum en árangursríkum hætti.

Við svo umfangsmikið verkefni er mikilvægt að ganga skipulega til verks og setja sér raunhæf markmið. Byrjað er á tiltölulega einföldum og ódýrum aðgerðum sem geta skilað sér margfaldlega í bættri stjórnsýslu og notendavænni löggjöf.



Bætt þjónusta á Netinu

Lítið er til rafrænnar stjórnsýslu til að spara viðskiptavinum sporin. Með rafrænni stjórnsýslu er átt við að upplýsingatæknin sé nýtt til að bæta aðgengi að stjórnsýslunni og þjónustu hennar, til að lækka kostnað við að sækja og veita þjónustuna og til að auka gæði hennar. Ljóst er að þarna eru mörg sóknarfæri. Vissulega getur stofnkostnaður verið nokkur en slík verkefni ættu í flestum tilvikum að borga sig upp innan fárra ára.

Sérstaklega má nefna Netið í þessu sambandi en þar bjóðast möguleikar sem eru vel fallnir til að stytta og einfalda afgreiðsluferli erinda til hagræðis fyrir notendur. Nú þegar eru nánast allar opinberar stofnanir með vefi og hægt er að nálgast upplýsingar um þjónustu þeirra. Vefurinn Ísland.is mun bæta um betur og auðvelda notendum að finna upplýsingar og þjónustu án þess að þeir þurfi að vita hvaða stofnun eða ráðuneyti er ábyrg. Auk þessa eru margar stofnanir með ýmiss konar umsóknareyðublöð, vel á annað þúsund, á vefjum sínum. En betur má ef duga skal. Nú eru á markaði ýmsar tiltölulega aðgengilegar lausnir sem gera stofnunum kleift að bjóða upp á skil eyðublaða á Netinu. Með tilkomu rafrænna skilríkja verða einnig yfirunnar hindranir varðandi auðkenningu notendanna og undirskrift eyðublaðanna þar sem það á við.

Forsætisráðuneytið hefur sérstaklega hvatt til verkefna sem snúa að bættri þjónustu við notendur, almenning og fyrirtæki, og rafræn skil á eyðublöðum eru mikilvægur liður í því. Ýmsar stofnanir hafa þegar stigið þessi skref og gott betur og má sérstaklega nefna þjónustuvef ríkisskattstjóra í þessu sambandi. Myndin lýsir þeim skrefum sem opinberir aðilar geta tekið til að bæta þjónustu við notendur. Þar er til mikils að vinna, bæði fyrir hið opinbera og almenning og fyrirtækin í landinu og ljóst er að umtalsverður ávinningur í formi minni skriffinnsku og hagræðingar í stjórnsýslunni er handan við hornið í þessum efnunum.

Þjónustustig opinberra aðila:

1. Upplýsingar um þjónustu eru á vef stofnunar.
2. Samskipti eru í eina átt. Eyðublöð eru á vefnum og hægt er að prenta þau út.
3. Gagnvirk samskipti eru fyrir hendi. Þetta þýðir að eyðublöð eru á vefnum og hægt er að fylla þau út og skila inn á Netinu.
4. Rafræn málsmeðferð. Erindið er afgreitt algerlega á Netinu. Hvergi er þörf á pappírsgögnum né að viðskiptavinurinn mæti á staðinn.



Halla Björg Baldursdóttir.

Gátlisti vegna lagafrumvarpa

Á skal að ósi stemma, segir hið fornkveðna. Stefnit er að því að bæta vinnubrögð af hálfu ráðuneyta við undirbúning lagasetningar. Þar er einkum horft til þess að í auknum mæli sé lagt mat á áhrif fyrirhugaðrar lagasetningar og dregin fram kostir og gallar þeirrar leiðar sem lögð er til. Ennfremur sé með skipulagðari hætti efnt til samráðs við hagsmunaaðila og almenning áður en frumvörp eru lögð fram á Alþingi af hálfu ríkisstjórnar. Með þessum hætti verða mál betur undirbúin þegar að því kemur að fjalla um þau á Alþingi. Verkefnið er nú farið vel af stað. Frá og með síðustu áramótum gildir að þeir sem semja stjórnarfrumvörp verða að láta fylgja útfylltan gátlista sem stuðlar að því að gætt sé að ofangreindum lykilatriðum.

Einföldun laga og reglna

Gert er ráð fyrir að farið verði skipulega yfir gildandi lög, reglur og stjórnsýsluframkvæmd og sett raunhæf markmið um úrbætur. Hvert ráðuneyti á að setja sér einföldunaráætlun fyrir 1. sept. 2007. Ráðuneytin hafa að sjálfsögðu svigrúm til að ákveða hvað sett verður á oddinn í slíkri áætlun. Þess má geta að samgönguráðuneytið hefur unnið ákveðið brautryðjendastarf í þessum efnunum með átaki gegn skriffinnsku sem nú stendur yfir. Einföldunarstarfið getur til dæmis falist í því að yfirfara og uppfæra gamla lagabálka, fella úr gildi úrelt ákvæði, t.d. reglugerðir sem ekki hafa lengur þýðingu, og eyða ósamræmi í lögum sem gilda um hliðstæð efni, allt út frá þeim sjónarhóli að löggjöfin verði aðgengilegri, einfaldari og notendavænni.




Páll Þórhallsson.

„Konan mín skilur mig ekki“

Kristján er einn af tæknimönnum Nýherja. Þekking hans og sérhæfing á sviði upplýsingatæknilausna er slík að aðeins fáir skilja. Og það er allt í lagi. Þannig á það að vera! Annars væri það ekki sérþekking.

Kristján og samstarfsfólk hans leggur metnað sinn í að nýta þekkingu sína til að auka ávinninginn fyrir þig og fyrirtæki þitt. Það er þeirra fag.

P.S. Hjónaband Kristjáns og konu hans er til fyrirmyndar, þótt hún geti ekki útskýrt nákvæmlega hvað hann gerir.



Himinn og haf / SÍA

Nýherji er markaðsdrifið þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig í framsæknum lausnum á sviði upplýsingatækni. Hlutverk fyrirtækisins er að skapa virðisauka með þekkingu starfsmanna á upplýsingatækni, rekstri fyrirtækja og þörfum viðskiptavina. Með frábæru starfsfólki, betri lausnum og góðri samvinnu skapast forskot sem viðskiptavinir okkar þekkja.


NÝHERJI

Fjarskiptasjóður hefur 2,5 milljarða króna fyrir verkefni fjarskiptaáætlunar:

Farsímanotkun möguleg á öllum hringveginum í árslok

Unnið er að því að hrinda í framkvæmd fjarskiptaáætlun árána 2005 til 2010. Þrjú aðalmarkmið hennar eru að allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðatengingum á þessu ári, að GSM-farsímapjónustan verði aðgengileg á hringveginum, helstu stofnvegum og nokkrum ferðamannasvæðum og að dagskrá RÚV verði dreift stafrænt um gervihnött til sjómanna og strjálbýlla svæða.

Þegar hefur verið gengið frá samningum varðandi þéttingu GSM-farsímanetsins og útsendingum á dagskrá RÚV um gervihnött. Þriðja verkefnið, sem er að koma á háhraðatengingu á landsvæðum sem ekki njóta hennar í dag, er þegar hafið og er stefnt að því að auglýsa megi útboð á fyrri hluta ársins.

Eins og fyrr segir hefur stjórn fjarskiptasjóðs stýrt undirbúningi verkefna fjarskiptaáætlunar. Formaður stjórnar er Friðrik Már Baldursson og starfsmaður stjórnar kemur úr samgönguráðuneytinu. Stjórnin hefur leitað samráðs og aðstoðar Póst- og fjarskiptastofnunar og Ríkiskaupa eftir því sem þörf hefur krafið.

Hringvegurinn er fyrstur

Þéttingu GSM-farsímanetsins er skipt í tvo áfanga. Fyrri áfanginn snýst um að þétta farsímanetið á hringveginum, fimm fjallvegum og hluta Barðastrandarsýslu. Alls er þetta um 500 km vegalengd á þjóðvegakerfinu. Eins og farsímanotendur vita hafa verið glöppur í farsímakerfinu á hringveginum og lengsti kaflinn þar sem GSM-þjónusta hefur ekki notið til þessa er á Möðrudalsöræfum, um 80 km kafla. Í síðari áfanga verður síðan ráðist til atlögu við að þétta farsímanetið á stofnvegum og nokkrum ferðamannasvæðum. Unnið er að greiningu svæða sem ná þarf til og eru það kaflar um landið allt. Stefnt er að því að auglýsa útboð á fyrri hluta ársins.

Fyrri áfanginn var boðinn út á liðnu hausti og bærust þrjú tilboð. Tvö voru frá Símanum hf., annað frávikstilboð, og eitt frá Og fjarskiptum sem var nokkru hærra en bæði tilboð Símans. Verktíminn var einnig styttri hjá Símanum. Samið var við Símann 12. janúar síðastliðinn og er samningsupphæðin 565 milljónir króna. Verkið er þegar hafið og á því að ljúka á 12 mánuðum. Tilkynnt verður reglulega hvar þjónustunni verður komið á eftir því sem verkinu miðar áfram.

Dreifing dagskrár RÚV um gervihnött

Eitt verkefni fjarskiptasjóðs er að sjá um að sjónvarps- og útvarpsdagskrá RÚV verði dreift með stafrænum hætti um gervihnött til sjómanna á miðum við landið og strjálbýlla svæða landsins. Skrið var 1. febrúar undir samning við Telenor á grundvelli svonefnds samningskaupaferlis um að

annast verkefnið. Þrjú tilboð bárust, öll frá erlendum aðilum.

Stjórn fjarskiptasjóðs leitaði samstarfs við Ríkisútvarpið um verkefnið og óskað var eftir aðstoð Ríkiskaupa við undirbúning og framkvæmd samningskaupaferilsins. Verkið var ekki útboðsskyld þar sem það fellur ekki undir lög um opinber innkaup eða innkaupatilskipanir. Ákveðið var því að

viðhafa aðferðafræði samningskaupa til að tryggja að þjónustan fengist af sem mestum gæðum og fyrir sem hagstæðast verð. Valdir voru í september síðastliðnum 9 aðilar til þátttöku og gefinn frestur fram í nóvember til að senda tilboð. Tilboð bárust frá Eutelsat, Intelsat og Telenor. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er kringum 150 milljónir króna á næstu þremur árum.

Neytendum á afmörkuðum svæðum stendur þegar til boða stafrænt sjónvarp sem dreift er með ýmsum hætti með þræði eða þráðlaust. Nauðsynlegt þykir að sjófarendur og íbúar strjálbýlli svæða sem ekki njóta í dag fullnægjandi þjónustu eigi einnig möguleika á að ná stafrænt í



gegnum gervihnött sjónvarpsdagskrá RÚV og dagskrá Rásar 1 og 2. Til að ná sendingunum þarf gervihnattadisk, sem stilla þarf nákvæmlega í átt til gervihnattarins Thor 2, sem er í suðuáusturátt um það bil 15 gráður yfir sjóndeildarhring, en nokkuð breytilegt eftir hvar er á landinu. Við diskloftnetið þarf gervihnattaviðtæki, sem tekið getur við þessum sendingum, og viðtækið þarf að hafa rauf fyrir aðgangskort samkvæmt Conax-myndlyklakerfinu, því útsendingarnar verða í læstri dagskrá vegna réttthafasamninga RÚV. Aðgangskort verður hægt að fá hjá Ríkisútvarpinu. Stefnt er að því að útsendingar hefjist í byrjun apríl næstkomandi og þá eiga almenningur í hinum dreifðu byggðum og sjómenn að geta farið að nýta sér þjónustuna.

Allir hafi aðgang að háhraðaneti á árinu

Samkvæmt fjarskiptaáætlun er stefnt að því að allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðaneti á þessu ári. Samkvæmt því er ráðgert að bjóða út uppbyggingu á háhraðapjónustu á næstu mánuðum. Unnið er að því að kortleggja hvar háhraðatenging er ekki fyrir hendi og hvaða kröfur á að gera til þjónustu. Samkvæmt bráðabirgðatölum eru í dag 1.603 lögbýli í dreifbýli án háhraðatengingar og 69 til viðbótar í þéttbýli. Það þýðir að um 6.300 manns hafa ekki möguleika á háhraðatengingum. Fyrir rúmum tveimur árum var þessi fjöldi um 22 þúsund. Næsti liður í greiningunni er að fara yfir málið með markaðsaðilum og kanna hvar þeir hyggja á frekari uppbyggingu. Í framhaldinu verður ljóst hvaða svæðum fjarskiptasjóður muni stuðla að uppbyggingu á.

Fjármögnun

Fjarskiptaáætlun er fjármögnuð með 2,5 milljarða króna framlagi sem er hluti af söluandvirði Símans hf. Til ráðstöfunar á þessu ári verða tæplega 1,5 milljarðar króna og síðan 500 milljónir á næsta ári og sama upphæð þarnaæsta ár.

Samkvæmt fjarskiptaáætlun er stefnt að því að allir landsmenn sem þess óska hafi aðgang að háhraðaneti á þessu ári.

Nýtum tímann – Notum tæknina

8. mars 2007



UT DAGURINN

Í tilefni UT-dagsins standa forsætis- og fjármálaráðuneyti að ráðstefnu undir yfirskriftinni **Nýtum tímann – Notum tæknina** í Salnum, Kópavogi, 8. mars nk. kl. 13:00 til 16:30.

Kynnt verða nokkur af stærstu verkefnum ríkis og sveitarfélaga í rafrænni stjórnsýslu. Meðal annars verður fjallað um vefinn Ísland.is sem þá verður öllum opin, notkun og útbreiðslu rafrænna skilríkja hér á landi auk þess sem fulltrúar tveggja sveitarfélaga fjalla um nýjungar í rafrænni þjónustu við borgarana.

Ráðstefna UT-dagsins er öllum opin en ráðstefnugjald er kr. 7.900. Tilkynna þarf þátttöku á netfangið skraning@appr.is eða í síma 511 1230 fyrir hádegi 5. mars. Athugið að sætafjöldi er takmarkaður.

Nánari upplýsingar á ut.is og taekniogvit.is

Dagskrá í Salnum í Kópavogi 8. mars 2007

- 12:45 **Skráning og afhending ráðstefnugagna**
- 13:10 **Ávarp: Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra**
- 13:30 **Þegar þér hentar...**
Halla Björg Baldursdóttir, verkefnisstjóri í rafrænni stjórnsýslu, forsætisráðuneyti
- 13:50 **Ísland.is vísar þér veginn**
Bollí Þór Bollason ráðuneytisstjóri, forsætisráðuneyti
Fjóra Agnarsdóttir, verkefnisstjóri Ísland.is, forsætisráðuneyti
- 14:10 **Rafræn stjórnsýsla í Reykjanesbæ**
Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar
- 14:25 **Borgin í einum smelli – sjálfsafgreiðsla á vef Reykjavíkurborgar**
Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og rekstrarsviðs Reykjavíkurborgar
- 14:40 **Kaffiveitingar**
- 15:00 **Alla leið: Lykill að rafrænu Íslandi**
Haraldur Sverrisson skrifstofustjóri, fjármálaráðuneyti
Sæmundur Sæmundsson, stjórnarformaður Auðkennis
- 15:20 **Rafræn skilríki í hnotskurn – hagnýt dæmi um notkun**
Haraldur Bjarnason sérfræðingur, fjármálaráðuneyti
- 15:50 **Innkaup án inngripa - rafrænnir reikningar og stefna ríkisins í rafrænum innkaupum**
Stefán Jón Friðriksson sérfræðingur, fjármálaráðuneyti
Bergþór Skúlason tölvunarfræðingur, Fjársýslu ríkisins
- 16:10 **Umræður og lokaorð**
- 16:30 **Ráðstefnuslit**
- 17:00 **Tækni og vit 2007**
Ráðstefnugestum er boðið á opnun sýningarinnar **Tækni og vit 2007** í Fifunni, Kópavogi. Léttar veitingar.



Forsætisráðuneyti



Fjármálaráðuneyti



UT DAGURINN

TÆKNI OG VIT

Þjónustuveitan Ísland.is opnuð 7. mars:

Leiðarvísir um opinbera þjónustu

Höfundur: Fjóla Agnarsdóttir, verkefnisstjóri Ísland.is, forsætisráðuneyti.

Ísland.is er upplýsinga- og þjónustuveita með heildstæðum upplýsingum um þá þjónustu sem í boði er á vegum ríkis og sveitarfélaga. Þar verður notendum vísað á upplýsingar og þjónustu sem til staðar eru og á nánast öll eyðublöð sem eru á vefjum ríkisstofnana í þeim efnisflokkum sem vefurinn nær til.



Verkefnið Ísland.is er metnaðarfullt langtímaverkefni sem verður í stöðugri þróun á næstu árum og mun nýta sér nýjustu tækni og aðferðir á hverjum tíma. Þróunin mun að hluta til haldast í hendur við þróun vefja ríkis og sveitarfélaga því Ísland.is beinir notendum sínum á þá opinberu vefi sem veita upplýsingar og þjónustu. Stuðlað verður að því að gagnvirk þjónusta á Ísland.is aukist hratt á næstu misserum, en með gagnvirkri þjónustu er átt við að almenningur og fyrirtæki geti sinnt erindum sínum við opinbera aðila frá heimilistölvunni eða hvar sem hentar og á hvaða tíma sólarhringsins sem er. Mikið hagræði er af slíkri þjónustu því hún sparar almenningi, vinnuveitendum og þjónustuveitendum bæði tíma og fé. Gagnvirk eyðublöð eru lyklatríði í þessari þróun en í heild má þegar finna á annað þúsund eyðublöð á vefjum ríkis og sveitarfélaga. Stærstur hluti þeirra er nær eingöngu til útprentunar en væntingar eru um að í náinni framtíð verði hægt að fylla þessi eyðublöð út á vefnum og skila þeim inn rafrænt. Á Ísland.is er einmitt vísað á eyðublöð sem finna má á opinberum vefjum.



Fjóra Agnarsdóttir.

Hvað finnur þú á Ísland.is?

Á Ísland.is eru nokkuð umfangsmiklar upplýsingar fyrir almenning sem hugmyndin er að mæti þörf á ákveðnu tímaskeiði í lífinu eða við tiltekna aðstæður sem flestir standa frammi fyrir einhvern tímann á lífsleiðinni. Þörfin fyrir upplýsingar eða þjónustu gæti skapast við væntanlega fjölgun í fjölskyldunni, þegar nám er skipulagt, þegar haldið er í ferðalag eða við andlát nákomins ættingja. Reynt verður eftir fremsta megni að hafa texta vefsins aðgengilegan og framsetningu efnis skýra og hnitmiðaða. Segja má að Ísland.is sé eins konar leiðarvísir að opinberri þjónustu. Það er því ekki lengur þörf á að vita hvert á að snúa sér til að leita að upplýsingum.

Grunnupplýsingar um öll sveitarfélög og stofnanir á vegum ríkisins eru á Ísland.is og er hægt að nálgast þær eftir landshlutum eða stafrófsröð.

Eyðublöð er hægt að nálgast eftir stafrófsröð, leit eða eftir efnisflokkum. Lögð er áhersla á að þjóna sem flestum hópum og má í því samhengi nefna upplýsingar fyrir innflytjendur sem verða á nokkrum tungumálum. Þá er gert ráð fyrir að boðið verði upp á orðskýringar á 1.000 orðum sem munu gagnast innflytjendum og reyndar öllum notendum vefsins.

Við hönnun vefsins var lögð mikil áhersla á að gera vefinn aðgengilegan fyrir sem flesta, þar með talið blinda og sjónskerta. Á vegum stjórnarráðsins hefur verið unnið ötulllega að aðgengismálum fyrir vefi ráðuneytanna og verður í einu og öllu tekið mið af þeim reglum og viðmiðum sem þar hafa mótast. Á Ísland.is er einnig boðið upp á nýja vefþjónustu, Stillingar.is, en hún er fyrir þá notendur sem eiga erfitt með lestur af ýmsum orsökum. Hægt er til dæmis að breyta lit á letri eða breikka bilið á milli stafa.

Efnisflokkar

Efninu er skipt upp eftir efnisflokkum og því ætti að vera auðvelt að finna það sem leitað er að. Sem dæmi má nefna að ef einstaklingur vill fá upplýsingar um búferlaflutninga getur hann farið inn á Ísland.is og fengið leiðbeiningar um það helsta sem hann þarf að gera við þær aðstæður. Þar eru einnig tenglar á þá vefi sem hafa með þessi mál að gera. Hægt er að leita eftir atriðisorðum, efnisflokkum eða með frjálsri leit með Emblu, hinni öfluglu íslensku leitarvél. Það er ljóst að við opnun þjónustuveitunnar verða efnisflokkarnir ekki tæmandi. Ísland.is verður lifandi vefur þar sem stöðug þróunarvinna og viðbætur verða á efni vefsins.

Á Ísland.is eru 12 efnisflokkar:

- Atvinnulíf
- Búseta/heimili
- Efri árin
- Ferðalög og samgöngur
- Fjármál
- Fjölskyldan
- Heilsa
- Innflytjendur
- Mannlíf
- Menntun
- Neytendamál
- Öryrkjar/fatlaðir

Samantekt

Eins og fram hefur komið er verkefnið Ísland.is umfangsmikið langtímaverkefni sem á sér langan aðdraganda. Með því er stigið stórt skref til að mæta þörfum almennings og fyrirtækja fyrir aðgengi að opinberri þjónustu. Benda má áhugasömum á eftirfarandi erlendar upplýsinga-/þjónustuveitur:

- www.direct.gov.uk
- www.suomi.fi
- www.norge.no
- www.borger.dk
- www.firstgov.gov
- www.sverige.se

Framsetning efnis á Ísland.is

Hér á eftir eru sýnd tvö dæmi um framsetningu efnis. Þessi dæmi eru úr efnisflokkunum ferðalög og samgöngur og fjölskyldan. Hér er um að ræða upplýsingar annars vegar um vegabréf og hins vegar um meðgöngu og fæðingu.



Meðganga og fæðing

Barnshafandi konur fá meðgönguvernd sér að kostnaðarlausu. Tilgangur hennar er að stuðla að heilbrigði móður og barns með faglegri umönnun, stuðningi og fræðslu. Æskilegt er að fara í fyrstu skoðun eigi síðar en við tólfu viku meðgöngu.

Meðgönguvernd

- Heilbrigðar barnshafandi konur sækja skoðanir í meðgönguvernd á nærliggjandi heilsugæslustöð.
- Meðgönguvernd er tilvonandi móður að kostnaðarlausu sé hún sjúkratryggð á Íslandi.
- Konum sem taldar eru í áhættumeðgöngu er sinnt á kvennasviði Landspítala-háskólasjúkrahúss (LSH) og kvennadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Konum í barneignarhugleiðingum og barnshafandi konum er ráðlagt að taka inn fólásín. Fólásín-bæklingur á vef Lýðheilsustöðvar (pdf).
- Fyrsta skoðun fer fram við 8-12 vikna meðgöngu. Gert er ráð fyrir að konur sem eru að eignast sitt fyrsta barn fari í 10 skoðanir fram að fæðingu en aðrar í 7 skipti.
- Ljósmeður annast meðgönguvernd í nánu samstarfi við lækna og aðra sérfræðinga.
- Barnshafandi konum er boðin ómskoðun við 19-20 vikna meðgöngu. Sé um áhættuþætti að ræða getur ómskoðun verið beitt fyrr og oftar og fleiri rannsóknir fara fram eftir þörfum. Um ómskoðun og fleira hjá fósturgreiningardeild LSH.
- Eftirskoðun hjá lækni eða ljósmóður er æskileg 6-10 vikum eftir fæðingu. Þá er almennt heilsufar móður metið og ráðgjöf veitt.
- Víða er verðandi foreldrum boðið upp á námskeið. Upplýsingar þar um er að fá hjá heilsugæslustöðvum og Miðstöð mæðraverndar. Foreldrafærðsla hjá Miðstöð mæðraverndar.

Allhliða upplýsingar um meðgönguna og meðgönguvernd á vef Miðstöðvar mæðraverndar. Læknisþjónusta í veikindum og bráðatilvikum á Ísland.is.

Fæðing

- Konum er frjálst að fæða börn sín á hvaða sjúkrahúsi sem er, sé þar veitt fæðingarþjónusta. Ekkert gjald er tekið fyrir fæðingar sé móðirin sjúkratryggð á Íslandi.
- Sængurlega er mislög eftir eðli fæðingar, allt frá sólarhring upp í nokkra sólarhringa.
- Eftir fæðingu vitja hjúkrunarfræðingar móður og barns á heimili þeirra en við 6 vikna aldur taka við skoðanir á heilsugæslustöðvum.
- Hægt er að fara heim innan 36 klukkustunda frá fæðingu ef skilyrði um heilsu móður og barns eru uppfyllt. Hún nýtur þá heimaþjónustu ljósmóður næstu daga sér að kostnaðarlausu. Hafa þarf í huga að heimaþjónusta er ekki sinnt í öllum byggðarlögum landsins.

Heimafæðing

- Kona getur fætt í heimahúsi ef heilsa hennar og barns og aðrar aðstæður leyfa. Ljósmeður sem annast meðgönguvernd veita upplýsingar um tilhöggun heimafæðinga.
- Móðir sem fæðir í heimahúsi á rétt á sjúkradagpeningum í 10 daga frá fæðingu barns.

Tenglasafn:

Um sjúkradagpeninga á vef TR
Um ungbarnavernd á vef Miðstöðvar heilsuverndar barna
Vert að skoða
Um meðgönguvernd á vef Landlæknis
Kvennasvið LSH
Kvennadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri
Heilsugæslustöðvar á Íslandi
Fróðleikur um meðgöngu og fæðingu á vef Ljósmeðrafélags Íslands
Lög og reglugerðir
Lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990

Vegabréf

Vegabréf eru öruggustu ferðaskilríkin og nauðsynlegt að hafa þau meðferðis til útlanda þó svo reglur krefjast þess ekki í öllum tilvikum.

Vegabréfsumsókn

- Hægt er að sækja um vegabréf hjá öllum sýslumannsembættum landsins og hjá lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins, óháð búsetu eða lögheimili umsækjanda. Afgreiðslustaðir vegabréfa
- Sækja þarf um í eigin persónu og framvísa skilríkjum. Myndataka fer fram á afgreiðslustöðum vegabréfa. Heimilt er að koma með eigin mynd fullnægi hún settum skilyrðum.
- Börn undir 18 ára aldri fá útgefin sérstök vegabréf. Báðir foreldrar þurfa að sækja um eða samþykka umsókn um vegabréf nema einungis annað foreldri fari með forsjá en þá þarf að framvísa gögnum því til sönnunar.
- Við sérstakar aðstæður er hægt að fá útgefið neyðarvegabréf hjá Tollgæslunni í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og hjá sýslumönnum. Um neyðarvegabréf.
- Íslendingar sem staddir eru erlendis og þurfa á vegabréfi að halda snúa sér til sendiráða eða ræðismanna Íslands. Útgáfa íslenskra vegabréfa erlendis.
- Þeir sem ferðast til Bandaríkjanna og hafa vegabréf sem gefið var út fyrir 1. júní 1999 verða annaðhvort að fá vegabréfsáritun eða sækja um nýtt vegabréf.

Vegabréfsáritanir

- Í mörgum tilvikum þarf sérstakt leyfi eða áritun í vegabréf til að ferðast til annarra landa. Útgáfa vegabréfsáritana er í höndum sendiráða og ræðismanna þeirra ríkja sem ferðast á til.

Ferðaskilríki

- Vegabréfa er ekki krafist á ferð um Norðurlönd en þau eru einu persónuskilríkin sem tekin eru fullgild erlendis og því full ástæða til að hafa þau meðferðis.

Tenglasafn:

Allt um vegabréf á Vegabref.is
Hagnýtar upplýsingar og flugáætlanir hjá Leifsstöð
Ferðaáætlun Norrænu
Almennt um Schengen-samstarfið
Um ferðalög (alferðir) í Handbók neytenda hjá Neytenda-samtökunum
Um vegabréfsáritanir og fleiri hagnýtar upplýsingar hjá utanríkisráðuneytinu
Lög nr. 136/1998 um vegabréf
Reglugerð nr. 624/1999 um íslensk vegabréf
Lög um alferðir nr. 80/1994

Það má segja að Ísland.is sé eins konar leiðarvísir að opinberri þjónustu. Þar verður hægt að finna grunnupplýsingar um þá málaflokka sem vefurinn nær til og fjölda tilvísana í efni og þjónustu sem finna má á vefjum ráðuneyta, stofnana og sveitarfélaga. Það er því ekki lengur þörf á að vita hvert á að snúa sér til að leita að upplýsingum.



Láttu drauminn rætast - rafrænt

- Rafrænt greiðslumat
- Ráðgjöf og aðstoð
- Lánsúmsóknir rafrænt á Netinu
- Svar innan fjögurra daga

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður fyrir alla



Ísland.is – Einfaldari stjórnsýsla

Höfundur: Bolli Þór Bollason, ráðuneytisstjóri, forsætisráðuneyti.

Auknar kröfur um hagræðingu og auðveldari aðgang að þjónustu opinberra aðila hafa kallað á stórfelldar umbætur og breytingar í stjórnsýslunni. Ísland.is er eitt mikilvægasta verkefnið í stefnunni um upplýsingasamfélagið og mikilvægur þáttur í þróun stjórnsýslunnar.

Á vegum forsætisráðuneytisins hefur verið þróuð þjónustuveitan Ísland.is. Hún er samstarfsverkefni ríkisstofnana, ráðuneyta og sveitarfélaga og eitt mikilvægasta verkefnið í stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið fyrir árin 2004-2007, Auðlindir í allra þágu. Markmiðið er að Ísland.is verði eins konar lykll að íslensku samfélagi þar sem almenningur og fyrirtæki geti nálgast hagnýtar upplýsingar, afgreitt sín erindi og fengið aðgang að málum og upplýsingum sem varða samskipti þeirra við opinbera aðila hér á landi. Í fyrstu útgáfu næst stór áfangi að þessu markmiði og verður vefurinn þróaður áfram á næstu árum.

- Forsætisráðuneytið hefur forgöngu um verkefnið Einfaldara Ísland sem er ætlað að leita leiða til að einfalda stjórnsýsluna. Í því verkefni er lítið á Ísland.is sem eitt helsta tækið til að einfalda og samræma stjórnsýsluna með þarfar almennings í huga.

Verkefnisstjórn um rafræna stjórnsýslu, sem hefur það hlutverk að fylgja eftir stefnu stjórnvalda á sviði rafrænnar stjórnsýslu, hefur komið að stefnumótun fyrir Ísland.is og hefur skrifstofa upplýsingasamfélagsins umsjón með gerð þjónustuveitunnar.

Ávinningur

Stærsti ávinningurinn með Ísland.is verður bætt og auðveldara aðgengi að opinberri þjónustu, lægri kostnaður þeirra sem þurfa að nota þjónustuna og aukin gæði hennar. Reynslan hefur sýnt að Íslendingar eru duglegir að nota þá gagnvirku þjónustu sem þegar er í boði á Íslandi. Hagræði og ávinningur af rafrænni þjónustu getur verið gríðarlega mikill eins og þegar hefur sýnt sig, til dæmis með tilkomu heimabanka og rafræna skila skattframtala. Það má því búast við að almenningur og fyrirtæki muni í ríkum mæli nýta sér þær upplýsingar og þá rafrænu þjónustu sem Ísland.is býður upp á og uppskera þannig aukin þægindi og fljótverkari boðleiðir í samskiptum sínum við opinbera aðila. Það er jú meginmarkmið Ísland.is.



Bolli Þór Bollason.

Ísland.is styður og styrkir stefnumörkun stjórnvalda um einföldun í ríkisrekstri og verkefni sem miða að einföldun stjórnsýslunnar.

Styður og styrkir stefnumörkun

Ísland.is styður og styrkir stefnumörkun stjórnvalda um einföldun í ríkisrekstri og verkefni sem miða að einföldun stjórnsýslunnar.

- Ísland.is styður við tvö meginmarkmið stefnunnar um Nýskipan í ríkisrekstri. Annars vegar að skipulag og starfsemi ríkisins verði með þeim hætti að ríkið geti sinnt skyldum sínum við almenning á eins hagkvæman, skjótvirkann og árangursríkan hátt og kostur er. Hins vegar að opinber þjónusta verði svo skilvirk að hún gefi íslenskum fyrirtækjum forskot í vaxandi alþjóðlegri samkeppni.
- Ísland.is styður einnig við stefnu um Árangursríkan ríkisrekstur en þar er mjög skýrt fjallað um hagnýtingu upplýsingatækni. Þar kemur fram að stefnt er að því að íslenska ríkið verði í fremstu röð Evrópuríkja í nýtingu rafrænnar stjórnsýslu í starfsemi sinni.

Rafrænt Reykjanes:

Aukin þjónusta og lýðræðislegri stjórnsýsla

Höfundur: Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ.



Á örfáum árum hafa orðið miklar breytingar á íslensku samfélagi vegna þróunar á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni. Grunngerð samfélagsins mun áfram taka breytingum á upplýsingaöld þar sem menntun og þekking eru lykilatriði. Rafræn stjórnsýsla mun auka lýðræði og tengsl við íbúa en hún mun að sama skapi kalla á byltingu í öllu verklagi.

Fyrsta skrefið í rafrænni þjónustu við íbúa Reykjanesbæjar var útgáfa á upplýsingavefnum reykjanesbaer.is árið 1997. Í framhaldi var lögð áhersla á skipulagða og rafræna skráningu erinda með innleiðingu á skjalavistunarkerfinu GoPro sem tekið var í notkun 1. janúar 1999. Sú skráning hefur auðveldað stjórnsýslunni að gera starfsemi gagnsærri og miðla upplýsingum. Vefurinn er í eðli sínu lýðræðislegur og eitt af markmiðum upplýsingavefs Reykjanesbæjar er að stuðla að gagnsæjum og faglegum stjórnsýsluháttum með gagnvirkum hætti. Þannig bætir bæjarfélagið þjónustu sína með því að auðvelda aðgengi að upplýsingum um starfsemi þess og þjónustu. Þá gerir vefurinn bæjarfélaginu kleift að nálgast og safna upplýsingum frá íbúum og öðrum notendum.

Mitt Reykjanes – rafrænn íbúavefur í mótun

Mitt Reykjanes er gagnvirkur íbúavefur sem tekinn var í notkun 10. maí 2006 en þar er áhersla lögð á gagnvirk samskipti við íbúa sem gefst kostur á að reka erindi sín við stjórnsýslu bæjarins á rafrænan hátt og fá svör til baka á sama máta. Vefurinn skiptist í málahluta, samráðshluta og upplýsingar um greiðslustöðu.

Umönnunargreiðslur til foreldra – 100% rafrænt ferli

Hinn 1. október 2006 hófust umönnunargreiðslur til foreldra á Mitt Reykjanes en tilgangur þeirra er að gefa fjölskyldum aukinn möguleika á samvistum á mikilvægu þroskaskiði barnsins. Greiddar eru kr. 30.000 mánaðarlega til foreldra sem lokið hafa töku fæðingarorlofs og sækja þeir um greiðslurnar rafrænt á Mitt Reykjanes þar til barnið hefur leikskólagöngu sína.

Hvatagreiðslur til menningar-, íþrótt- og tómstundastarfs barna og unglinga

Haustið 2007 hefjast svo hvatagreiðslur til barna og ungmenna til niðurgreiðslu á menningar-, íþrótt- og tómstundastarfi á Mitt Reykjanes. Verkefnið er unnið í samvinnu við menningar-, íþrótt- og tómstundafélög sem sett hafa sér viðurkennd uppeldismarkmið og geta foreldrar sem eiga börn á viðkomandi aldri sótt um styrkinn á mittreykjanes.is en á heimasvæði þeirra birtast upplýsingar um þau námskeið sem í boði eru. Mitt Reykjanes og aukin rafræn þjónusta skapa íbúum aukinn sveigjanleika til að afla sér upplýsinga og nýta þjónustu. Við hvetjum íbúa okkar til þess að nýta sér það tækifæri.



Árni Sigfússon.

Veistu hvert þú átt að leita?


Þjónustuveitan Ísland.is verður opnuð 7. mars.

Hún verður kynnt á ráðstefnunni Nýtum

tímann - notum tæknina sem haldin verður

8. mars og á sýningunni Tækni og vit sem

haldin verður í Fífunni, Kópavogi, 8. -11. mars.



island.is
Hvar, hvernig, hvert?

Íslenskt upplýsingasamfélag í tölum:

Níu af hverjum tíu Íslendingum nota tölvur

Höfundur: Guðfinna Harðardóttir, sérfræðingur á Hagstofu Íslands.

Tölvur og internet eru hluti af daglegu lífi Íslendinga hvort sem er í starfi eða leik. Samkvæmt niðurstöðum Hagstofu Íslands nota nærri níu af hverjum tíu Íslendingum á aldrinum 16-74 ára tölvu og internet og því sem næst öll fyrirtæki hér á landi eru nettengd.

Að heita má öll fyrirtæki á Íslandi með tíu starfsmenn eða fleiri nota tölvur og internet eða 97-100%. Níu af hverjum tíu nettengdum fyrirtækjum nota xDSL tengingu og hjá 44% nettengdra fyrirtækja er niðurhalshraði tengingar minnst 2 Mb/sek. 95% nettengdra fyrirtækja nota vírusvörn, 81% nettengdra fyrirtækja nota eldvegg og 75% flytja afrit af gögnum á öruggan stað til geymslu.

Fleiri fyrirtæki stunda rafræn viðskipti


Hlutfall fyrirtækja sem selja vörur eða þjónustu um internet fer hækkandi. Árið 2002 hafði fimmta hvert fyrirtæki selt vörur eða þjónustu á þennan máta en árið 2005 var hlutfallið komið í 32%. Sama gildir um kaup á vörum og þjónustu um internet. Þannig höfðu nærri sex af hverjum tíu fyrirtækjum keypt vörur og þjónustu til eigin nota um internet árið 2005 á móti 37% fyrirtækja árið 2002.

Hátt hlutfall nettengdra heimila á Íslandi

Að meðaltali voru tölvur á 62% heimila í aðildarlöndum Evrópusambandsins og 51% þarlandra heimila höfðu tengingu við internet árið 2006. Það ár höfðu 84% íslenskra heimila tölvu og 83% voru tengd interneti. Nærri níu af hverjum tíu nettengdum íslenskum heimilum nota hraðvirka internettengingu á móti 62% nettengdra heimila í aðildarlöndum Evrópusambandsins.

Notkun tölvu og internets er að sama skapi afar útbreidd hér á landi en árið 2006 notuðu 90% Íslendinga á aldrinum 16-74 ára tölvu og 88% þeirra notuðu internet. Á sama tíma notuðu 61% íbúa Evrópusambandsins tölvu og 54% þeirra notuðu internet. Á þeim árum sem Hagstofan hefur mælt

Tölfræði upplýsingasamfélagsins 2006



tölvupóstsendingum, leita upplýsinga um vörur og þjónustu, blaðalesturs, viðskipta í heimabanka og í ferðatengdum tilgangi.

Nær öll fyrirtæki hér á landi höfðu átt í samskiptum við opinbera aðila um internet árið 2006. Það ár höfðu að meðaltali 64% fyrirtækja í ESB-löndunum átt í rafrænum samskiptum við hið opinbera. Hlutfall einstaklinga á aldrinum 16-74 ára sem notuðu internet til samskipta við opinbera aðila var hæst hér á landi árið 2006 eða 61% á móti 24% að meðaltali í aðildarlöndum Evrópusambandsins. Ítarlegri tölfræði um upplýsingasamfélagið má finna á vef Hagstofunnar, www.hagstofa.is, undir efnisliðnum Upplýsingatækni.



Guðfinna Harðardóttir.

Fyrirtæki og heimili hér á landi nota nær eingöngu hraðvirkar nettengingar. Árið 2006 notuðu níu af hverjum tíu fyrirtækjum hér á landi hraðvirka tengingu og hið sama gildir um 87% nettengdra íslenskra heimila.

notkun einstaklinga á upplýsingatækni og interneti hefur tilgangur netnotkunar lítið breyst. Einstaklingar nota miðilinn helst til að skiptast á

Aðgengi allra að Vefnum:

Opinberir vefir uppfylli lágmarksskilyrði

Höfundur: Guðbjörg Sigurðardóttir, skrifstofustjóri, forsætisráðuneyti.

Í janúar 2006 lagði forsætisráðherra fyrir ríkisstjórn skýrsluna Aðgengi allra að vefnum sem unnin var af forsætisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Skýrslan fjallar um hvernig opinberir aðilar geti mætt þörfum fatlaðra í samfélagi upplýsinga. Ákveðið var að fara að tillögum sem fela í sér að stefnt verði að því að allir opinberir vefir á Íslandi uppfylli ákveðnar lágmarkskröfur í aðgengismálum.

Ofangreind ákvörðun var í anda stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið, Auðlindir í allra þágu, þar sem finna má markmið um að tryggð verði að rafræn þjónusta opinberra aðila taki mið af þörfum ólíkra hópa, s.s. blindra, sjónskertra og fatlaðra.

Í kjölfarið mótaði Stjórnarráð Íslands sérstaka aðgengisstefnu fyrir vefi ráðuneytanna og hefur verið lögð mikil vinna í að þróa þá vefi til að gera þá aðgengilega öllum samfélagshópum. Áfram verður haldið á þeirri braut.

Fræðslufni á UT.is

Í nóvember 2006 var forstöðumönnum ríkisstofnana sent erindi þar sem athygli þeirra var vakin á ofangreindri ákvörðun og þeir hvattir til að leggja metnað í að sinna aðgengismálum á vefjum sínum. Til þess að auðvelda stofnunum að takast á við þetta verkefni var talin þörf á að safna saman hnitmiðuðu fræðslufni og stuðla að umræðu og fræðslu um aðgengismál í samfélaginu. Fræðslufni hefur verið komið fyrir á vefnum UT.is sem er vefur um upplýsingatækni á vegum forsætisráðuneytis. Þar er að finna

gagnlegar upplýsingar sem ætlað er að auðvelda stofnunum og fyrirtækjum að ná settum markmiðum og koma aðgengismálum sínum í gott lag. Hinn 14. nóvember 2006 var haldin ráðstefna um aðgengismál á vef. Fyrirtækið Sjá ehf. skipulagði ráðstefnuna en forsætisráðuneyti og Öryrkjabandalag Íslands voru samstarfsaðilar þess.

Stöðugt ný tækifæri

Gerð verður úttekt á aðgengismálum á opinberum vefjum á árinu 2007 til að fylgjast með stöðunni. Í úttekt sem gerð var árið 2005 kom fram að verulegra úrbóta var þörf á þeim tíma og verður því fróðlegt að sjá hvaða árangur hefur náðst í aðgengismálum á tveimur árum.

Tæknin skapar stöðugt ný tækifæri til að mæta þörfum blindra, sjónskertra og lesblindra á Netinu. Stofnanir og fyrirtæki þurfa að nýta þessi tækifæri og leggja metnað sinn í að hafa aðgengismálin í lagi.



Guðbjörg Sigurðardóttir.

Meginatriðin í aðgengisstefnu fyrir vef Stjórnarráðsins

- Stjórnarráð Íslands hefur einsett sér að gera Stjórnarráðsvefinn aðgengilegan fötluðum. Stefnt er að því að allt efni á vefnum muni að minnsta kosti standast viðmiðunarreglur WCAG 1.0 af gerð A fyrir 1. júlí 2007.
- Síður á Stjórnarráðsvefnum sem uppfylla aðgengisstefnu eru merktar sérstaklega með tákmynd W3C.
- Aðgengisstefna Stjórnarráðsvefsins nær eingöngu til hans en ekki þeirra vefja sem vísað er á.

- Efni frá þriðja aðila sem birt er á vefjum ráðuneyta skal uppfylla kröfur um aðgengi fyrir alla.
- Séð verður til þess að starfsfólk fái þá þjálfun sem til þarf miðað við starf sitt og hlutverk. Boðið verður upp á endurmenntun eftir því sem kröfur um aðgengi breytast eða ný tækni kemur fram. Þetta verður meðal annars gert með því að koma upp sérstakri upplýsingasíðu um aðgengismál á UT-vefnum.

Sjá aðgengisstefnuna í heild sinni á [raduneyti.is](#).

Gagnvirkar umsóknir í menntamálaráðuneyti:

Mikið hagræði og aukin skilvirkni

Höfundur: Ásgerður Kjartansdóttir, deildarstjóri á upplýsinga- og þjónustusviði, menntamálaráðuneyti.

Menntamálaráðuneyti afgreiðir fjöldann allan af styrkbeiðnum úr hinum ýmsu sjóðum. Í nóvember 2006 hófst tilraunaverkefni með gagnvirkar umsóknir í samvinnu við Rekstrarfélag stjórnarráðsbygginga og Hugvit. Með því að fá umsóknir beint inn í rafrænt skjalastjórnarkerfi ráðuneytisins og tengja þær verkferlum við afgreiðslu skapast mikið hagræði, auk þess sem skilvirkni eykst og þar með þjónusta við viðskiptavinum ráðuneytisins.

Ferlið er þannig að umsækjandi skráir sig á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is, og fær aðgang að persónulegu svæði sem er lokað og inniheldur gögn sem honum tengjast. Umsókn er fyllt út og send af vef ráðuneytisins í rafrænt skjalastjórnarkerfi sem nefnt er Málaskrá. Síðan er hægt að fylgjast með afgreiðslu umsókna á lokuðu svæði hvers og eins.



Ásgerður Kjartansdóttir.

Talsverður tímasparnaður

Pegar umsóknir af vef berast í skjalastjórnarkerfið faraskráðarupplýsingar beint á viðeigandi svæði eins og t.d. nafn umsækjanda, heimilisfang, sími, netfang og heiti verkefnis. Sparast þannig mikil vinna við skráningu og skönnun umsókna sem áður tók nokkra daga. Einnig sparast tími

viðskiptavina ráðuneytisins sem ekki þurfa lengur að prenta út umsóknir, skrifa undir þær og senda í pósti.

Stefnt er að því að tengja rafrænu umsóknirnar við rafræn skilríki sem eru væntanleg innan tíðar. Skilríkið tryggir að aðili sé sá sem hann segist vera.

Fleiri eyðublöð á vef

Í desember sl. var fyrsta gagnvirka eyðublaðið sett á vef ráðuneytisins og umsækjendum um styrki úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla boðið að sækja um rafrænt. Umsóknarfrestur rann út 10. febrúar 2007 og barst 101 umsókn. Almenn ánægja var á meðal umsækjenda með að ráðuneytið skyldi hafa stigið það skref að bjóða upp á rafrænar umsóknir.

Framundan er frekari þróun á því að margs konar eyðublöð verði gagnvirk á vefnum. Á þessu ári er stefnt að því að setja á vef ráðuneytisins fjögur gagnvirk eyðublöð sem tengjast umsóknum um styrki.

Spurning um siðferði og meiri tekjumöguleika

Höfundur: Sigrún Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í aðgengismálum fatlaðra á Netinu.



Netið er upplýsingaveita, þjónustustöð, verslun allt í senn. 80-90% vefsíðna eru ekki að fullu aðgengilegar öllum notendum, þ.m.t. fötluðum notendum. Oft gleymist að fyrir utan að vera siðferðilega rangt að halda úti óaðgengilegri vefsíðu tapast miklar tekjur. Þetta ætti að hafa í huga þegar þær raddir heyrast að kostnaðarsamt sé að breyta vefsíðum í aðgengilega átt.

Það liggja margar ástæður fyrir því að menn ættu að huga að aðgengi vefsíðna. Fyrir utan siðferðilega hlið málsins eru aðrar ekki eins augljósar ástæður sem vert er að skoða. Algengustu rökin fyrir því að vefsíður verði að vera aðgengilegar eru að það sé það eina rétta í stöðunni sem það auðvitað er. Staðreyndin er nefnilega sú að óaðgengileg vefsíða hreinlega

missir beinar auglýsingatekjur, henni vegnar verr í leitarvélum, hún missir dýrmæta viðskiptavinum (sem jafnvel fara til samkeppnisaðilans sem hlúir betur að aðgengismálum) og í sumum löndum er nauðsynlegt að greiða skaðabætur síðar ef hart fer í hart og vefsíðan er dæmd ónothæf eða ólögleg. Í nokkrum löndum (t.d. Bretlandi og Bandaríkjunum) eru óaðgengilegar vefsíður ólöglegar en sú er ekki raunin hér á landi.

Ef vefsíða er opin öllum og hefur til sölu vörur eða þjónustu á Netinu eða um er að ræða opinbera vefsíðu með upplýsingum sem allir eiga að hafa aðgang að er gott að hafa eftirfarandi spurningar í huga:

Mikilvægasta atriðið er þó að aðgengilegri vefur þjónar öllum notendum, óháð aldri, getu, fötlun eða öðru.

- **Eru allar myndir lýsandi á vefsíðunni (ALT-textar í boði)?**
Gæti blindur einstaklingur skoðað hverja einustu vöru eða þjónustu og fræðst um hana eða eru mikilvægar upplýsingar einungis á myndrænum formi sem blindur notendur hafa ekki aðgang að?
- **Er bæklingur á vefsíðunni sem einungis er á PDF-sniði?**
Er búið að tryggja að blindur einstaklingur hafi aðgang að efnum annars staðar á vefsíðunni? Skjálesarar blindra notenda lesa í fæstum tilfellum PDF-skjöl. Undantekningar á því eru PDF-skjöl sem eru sniðin með texta eingöngu.
- **Er mikið um skrun á vefsíðunni, eru síðurnar langar?**
Gæti hreyfihamaður einstaklingur skoðað mynd af vöru eða mikilvægar upplýsingar eins og netfang ef það er staðsett neðst á síðunni?
- **Eru auglýsingar með tali á vefsíðunni?**
Er öruggt að heyrnarlaustr einstaklingur skilji af samhengi auglýsingar eða margmiðlunarefnis hvað er verið að auglýsa eða fjalla um? Er textalýsing í boði?
- **Flökta myndirnar hratt á vefsíðunni?**
Er verið að stofna lífi flogaveiks einstaklings í hættu?
- **Er lýsing á vörum eða þjónustu með smáu eða ljósu lettri?**
Er öruggt að sjónskertur einstaklingur sjái lýsinguna?
- **Er allt letur skáletrað, í hástöfum, of þétt?**
Er víst að lesblindur einstaklingur geti auðveldlega lesið textann?
- **Eru mörg flókin orð eða sérfræðiheiti á vefnum, mikið um skammstafanir?**
Er hætta á því að málfar vefsíðunnar fæli notendur frá? Er öruggt að einstaklingur með skerta greind viti um hvað er verið að ræða?

Þetta eru bara örfá dæmi um þær hindranir sem verða á vegi fatlaðra notenda á Netinu. Gallinn er sá að margir eigendur vefsvæða sjá ekki ástæðu til að laga vefsíður sínar að þörfum allra notenda. Oft heyrast

setningar eins og „Hvaaaa, það skoðar enginn fatlaður minn vef...“ En ef við snúum dæminu við ... getur verið að fatlaður notandi skoði ekki vefsíðuna einmitt af því að hún er óaðgengileg? Það eru fjölmörg dæmi þess að fatlaðir notendur hafi gefist upp á því að skoða tiltekna vefsíður því aðgengið er afleitt. Ég veit líka mörg dæmi þess að notendur hafi farið til keppnauta sem hafa sinnt þörfum þeirra betur. Eðlilega. Svona er samkeppnin í dag. Mjög oft gefast fatlaðir notendur upp á viðmóti fyrirtækja og stofnana sem sinna ekki beiðni um einfaldar lagfæringar. Það er öldungis óviðunandi. Mjög oft þarf ekki nema einn starfskraft í hálfan dag til að laga allar myndir vefjarins, gera þær lýsandi (setja á þær ALT-texta) og þá er hálfur sigur unninn. Mikilvægt skref í jákvæða átt hefur verið tekið. Auðvitað eru vefsíður misflóknar en fyrir fyrirtæki sem selur vöru eða þjónustu á Netinu er aldeilis óskiljanlegt að reyna ekki að ná til allra markhópa.



Sigrún Þorsteinsdóttir.

Aðgengilegri vefur er notendavænni OG skilar meiri tekjum

Að gera vefsíðu aðgengilega á Netinu snýst ekki bara um fatlaða notendur og þeirra þarfir. Í raun má segja að eigandi vefsíðu sem er aðgengileg sé eigingjarn eins og Kynn Bartlett bendir á í grein sinni, Selfish Reasons for Accessible Web Authoring http://www.icdri.org/Kynn/selfish_reasons_for_accessible_w.htm.

Hvers vegna? Jú, aðgengileg vefsíða er nefnilega mun líklegri til að skila meiri tekjum. Hún fer ofar í leitarvélunum, er notendavænni því aðgengilegri vefur er alltaf notendavænni vefur. Sumir spekingar (t.d. Jacob Nielsen) hafa gengið svo langt að fullyrða að notendavænni vefur skili allt að 100% meiri tekjum en sá ónotendavænni og 150% meiri umferð (<http://www.useit.com/alertbox/20030107.html>). Aðgengilegri vefur er einnig einfaldari vefur þar sem oft er búið að útskýra flókin orð, útskýra skammstafanir sem eru illskiljanlegar þeim sem eru ekki sérfræðingar, leiðarkerfið er einfaldara og auðveldara er að finna upplýsingar á honum. Síðast en ekki síst er aðgengilegri vefur fagmannlegri. Til að halda samkeppnisstöðu í dag þurfa forritarar, vefstjórnar og aðstandendur vefstjóra að vera með þessi mál á hreinu.


Þjónum öllum notendum

Mikilvægasta atriðið er þó að aðgengilegri vefur þjónar öllum notendum, óháð aldri, getu, fötlun eða öðru. Það þýðir að hver einasti notandi hefur aðgang að efni, vörum og þjónustu vefjarins. Þetta er gríðarlega mikilvægt ekki síst þegar horft er til þess hversu öflugt íslenskt viðskiptalíf er erlendis. Við á litla Íslandi seljum vörur út um allan heim; sælgæti, snyrtivörur, tónlist, fatnað, bækur, hugbúnað, matvörur o.s.frv. Við gleymum því stundum að vefurinn okkar er opin öllum hvort sem viðkomandi er búsettur í Kuala Lumpur eða í Færeyjum. Við skulum hafa í huga að það eru um 600 milljónir manna í heiminum með einhvers konar fötlun. Getur einhver þeirra ekki notað vefinn þinn?

Upplýsingar sem snerta um 92.000 Íslendinga

Höfundur: Bergljót Þórðardóttir, deildarstjóri fjármáladeildar LÍN.

Þjónustuvefur LÍN hefur verið í hraðri uppbyggingu síðustu fjögur ár og gert sjóðnum kleift að bæta þjónustuna og mæta mikilli fjölgun lánþega án aukins rekstrarkostnaðar. Vefurinn hefur bæði stýtt boðleiðir og aukið öryggi í öllum samskiptum. Viðskiptavinir sjóðsins eiga þess kost að nýta vefinn til persónubundinnar upplýsingaöflunar.



Þjónustuvefur LÍN er byggður á gömlum grunni sem var upphaflega hannaður á árunum 1987-1989. Áður en vinna við vefinn hófst var spurning hvort hanna ætti nýjan grunn eða að þróa gamla kerfið og endurnýja það í áföngum. Ákveðið var að fara síðarnefndu leiðina og hefur hún reynst farsæl. Að verulegu leyti er um sérsmíði að ræða og eiga starfsmenn hugbúnaðarfyrirtækisins HugarAx hf. stóran þátt í því hvað vel hefur til tekist.

„Mínu svæði“ aðgangsstýrt hjá bönkum og RSK

Ytri vefur LÍN var endurnýjaður í lok síðasta árs. Hann hefur að geyma almennar upplýsingar um starfsemina og þær reglur sem unnið er eftir, en einnig sértækar upplýsingar, sbr. vefsvæðin „Sent og svarað“ og „Leit að skóla“. Af ytri vefnum komast menn inn á „Mitt svæði“ sem er aðgangsstýrt. Sjóðurinn annast ekki aðgangsstýringuna sjálfur heldur hefur samið um hana við samstarfsaðila, s.s. banka, sparisjóði og RSK. Allir sem hafa aðgang að íslenskum heimabanka eða þjónustusíðu RSK

geta þannig tengst þaðan með öruggum hætti inn á „Mitt svæði“.

Á „Mínu svæði“ hafa viðskiptavinirnir aðgang að rafrænum eyðublöðum og umsóknum. Með því að fá upplýsingar frá „lokuðu“ svæði er hægt að sannreyna hver sendandinn er og sýna þær persónubundnu upplýsingar sem sjóðurinn ræður þegar yfir (t.d. úr umsókn frá síðasta skólaári). Þannig sparast skráningarvinna og hætta á villum og misskilningi minnkar. Einnig geta umsækjendur séð útreikning á væntanlegu námsláni og yfirlit yfir útborguð lán. Svæðið hefur jafnframt verið notað til að



Bergljót Þórðardóttir.

Þjónustuvefur LÍN skiptist í eftirfarandi svæði:

- Ytri vefurinn eða vefsíðan (www.lin.is)
- „Mitt svæði“ (einkasvæði viðskiptavina sjóðsins)
- Starfsmannavefurinn (vinnuumhverfi starfsmanna LÍN)
- Skólasvæði (vinnuumhverfi fyrir tengiliði í skólum)
- Bankasvæði (vinnuumhverfi fyrir starfsmenn banka)
- Lögmannasvæði (vinnuumhverfi fyrir innheimtulögmenn)

koma skilaboðum eða ábendingum frá sjóðnum á framfæri við umsækjendur, t.d. ef útborgun námsláns hefur strandað vegna þess að námsmaður á eftir að skila inn gögnum.

Upplýsingar fyrir greiðendur og ábyrgðarmenn

„Mitt svæði“ hefur ekki aðeins að geyma trúnaðarupplýsingar fyrir umsækjendur um námslán. Greiðendur námslána geta nálgast þar upplýsingar um afborganir og skuldastöðu sína og ábyrgðarmenn geta nálgast stöðu þeirra lána sem þeir eru í ábyrgð fyrir.

Annar stór hópur sem þangað á erindi eru framhaldsskólanemendur sem eiga rétt á svokölluðum jöfnunarstyrk. Samtals eru það því um 92.000 manns sem geta átt erindi inn á einkasvæði sitt hjá LÍN og nálgast þar persónubundnar upplýsingar.

Framundan eru frekari landvinningar og samþætting hinna ýmsu svæða vefjarins. Þjónustuvefur LÍN mun í framtíðinni spara mönnum enn frekar sporin með því að sækja „sjálfvirkt“ fyrir þá upplýsingar og staðfestingar til skóla og annarra helstu samstarfsaðila sjóðsins.

„Mitt svæði“ hefur ekki aðeins að geyma trúnaðarupplýsingar fyrir umsækjendur um námslán. Greiðendur námslána geta nálgast þar upplýsingar um afborganir og skuldastöðu sína og ábyrgðarmenn geta nálgast stöðu þeirra lána sem þeir eru í ábyrgð fyrir.



IÐNSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI
IÐNMENTUN – HÖNNUN – TÆKNI

Skóli: Iðnskólinn í Hafnarfirði
Stofnaður: 1928
Fjöldi nemenda: 600
Fjöldi námsleiða: 10
Sérsvið: Hönnun og handverk

Iðnskólinn í Hafnarfirði er framsækinn skóli í stöðugum vexti. Skólinn byggir á gömlum grunni hefðbundins iðnnáms en hefur einnig haslað sér völl sem góður listnámskóli.

Skólinn hefur skapað sér sérstöðu með því að vera með gott námsframboð í greinum sem byggja á sköpun og samvirkni hugar og handa.

Við skólann er hægt að stunda nám í bygginga- og mannvirkjagreinum, hársnyrtingu, hönnun og listum, málmíðngreinum, rafíðngreinum og útstillingum.

Einnig eru ýmiskonar námskeið í boði. Má þar nefna Auto-CAD, CCNC tækni, trefjaplasttækni, steinaslípun og endurmenntunar-námskeið fyrir fagfólk í iðnaði.

Iðnskólinn í Hafnarfirði - Flatahrauni 12 - 220 Hafnarfjörður
Sími 585 3600 - Fax: 585 3601 - ih@idnskolinn.is

Rafræn skilríki hjálpa börnum og unglungum að spjalla á Netinu:

Öruggar spjallrásir

Höfundar: Haraldur A. Bjarnason, sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu, og Guðberg K. Jónsson, verkefnastjóri SAFT.

Spjall á Netinu er vinsælt tómstundagaman hjá ungu fólki – en eins og komið hefur fram í fjölmiðlum undanfarið er það þó ekki alveg hættulaust. Dæmi eru um að fullorðnir villi á sér heimildir og geri þannig tilraun til þess að komast í samband við börn, sbr. umfjöllun í sjónvarpsþættinum Kompás í janúar.

Meðal spjallforrita sem vinsæl eru meðal ungs fólks má nefna MSN, Yahoo! og Skype. Öll leyfa þau myndbirtingu, vefmyndavél, samskipti með aðstoð hljóðnema og skráaskipti, en krefjast ekki auðkenningar notenda. Því er mikilvægt verkefni fyrir samfélagið að vera vakandi yfir netnotkun ungs fólks, fræða það um kosti og galla Netsins og stuðla almennt að auknu öryggi í samskiptum á Netinu.

Skilríki notuð – en nafnleysi líka

Ríki, bankar og sparisjóðir vinna nú að almennri útbreiðslu rafrænna skilríkja meðal almennings í landinu. Skilríkin verður hægt að nota á margvíslegan hátt og má þar helst nefna auðkenningu. Eitt erfiðasta vandamál rafrænna samskipta felst í því að fólk villir á sér heimildir og þykist vera annað en það er. Stundum getur reyndar verið mikilvægt að eiga kost á að koma fram nafnlaust eða hafa samskipti undir dulnefni. Notkun rafrænna skilríkja útilokar ekki þann möguleika. Þannig má t.d. hugsa sér að til að komast inn á spjallrás þurfi að nota rafræn skilríki til auðkenningar en eftir það komi hver og einn fram undir dulnefni, ekki ósvipað því

og þegar krakkar framvísa skilríkjum í bíó til þess að sýna fram á að þau hafi náð tilsettum aldri.

Vegna fyrrgreindra vandamála er mikilvægt að skapa umhverfi þar sem fólk getur haft samskipti hvert við annað á öruggan og traustan hátt. Á öruggum spjallrásum þarf fólk að auðkenna sig með rafrænum skilríkjum sem innihalda m.a. kennitölu handhafa og aldur hans þar með. Markmiðið með öruggum spjallrásum fyrir krakka (börn og unglunga) er að útbúa umhverfi þar sem krakkar geta talað við krakka án þess að eiga það á hættu að fullorðin manneskja reyni að blekkja þá.

Spjallrásir fyrir ákveðna aldurshópa

Rafræn skilríki tryggja einnig rekjanleika. Ef einhver hagar sér ósæmilega er auðvelt að rekja slíkt til viðkomandi. Á spjallrásum geta krakkarnir notað gælunöfn í stað eigin nafna en þar geta samt allir verið vissir um að hver og einn er sannarlega auðkenndur og skráður inn á rásina undir réttu nafni.

Þar sem rafræn skilríki sýna aldur viðkomandi er einnig hægt að útbúa spjallrásir fyrir ákveðinn aldurshóp, t.d. rás sem einungis er ætluð 13-15 ára unglungum, eða tiltekna markhópa, svo sem stúlkur á aldrinum 14-16 ára.

Í Belgíu hafa stjórnvöld í samvinnu við ýmsa aðila sett upp öruggar spjallrásir fyrir krakka (sjá www.saferchat.be). Krakkarnir auðkenna sig með rafrænum skilríkjum á ýmsum spjallrásum sem eru ýmist ætlaðar fyrir tiltekinn aldurshóp eða öðru kyninu. Þetta hefur gefist vel þar í landi og aukið til muna öryggi samskipta krakka á Netinu. Öruggar spjallrásir leysa ekki öll vandamál er snúa að samskiptum á Netinu en með þeim má skapa umhverfi sem bæði börn og foreldrar geta treyst.



Rafræn skilríki:

Fjölhæfari en auðkennislyklar

Höfundur: Sverrir Bergþór Sverrisson, Auðkenni hf.

Fyrir rúmu ári fór að bera á innbrotum í netbanka hér á Íslandi. Í framhaldi af því hófu bankar og sparisjóðir í samstarfi við Auðkenni að skoða öryggislausnir til að auka öryggi í netbönkum. Fyrsta lausnin felst í auðkennislykli með aðgangsnúmeri sem breytist í hvert sinn sem notandi skráir sig inn á netbanka. Samhliða hafa bankar og sparisjóðir unnið að uppbyggingu á dreifilyklaskipulagi með rafrænum skilríkjum sem er fjölhæf lausn og tryggir öryggi til framtíðar.

Á síðustu vikum hafa einstaklingar fengið auðkennislykla í hendurnar og ættu allir notendur netbanka að vera farnir að nota lykllana innan skamms. Auðkennislykillinn er lítið tæki sem birtir nýtt sjö stafa númer á skjá í hvert skipti sem þrýst er á hnapp sem er á tækinu. Þetta númer er framkallað með ákveðnu algrími, teljara og dulmálslykli sem er einstakt fyrir sérhvern auðkennislykil. Í auðkennislyklinum eru engar upplýsingar um notandann sjálfan heldur er lykillinn tengdur notandanum á netþjóni sem er staðsettur hjá Reiknistofu bankanna. Í hvert skipti sem notandi auðkennir sig inn í netbankann sinn er auðkennisnúmerið sem notandi slær inn á vefsíðu netbankans sent til Reiknistofu bankanna og það sannreynt. Ef númerið er rétt fær notandi að halda áfram, annars ekki. Þessi lausn byggist á því að teljarinn sem er í tækinu sé í takt við teljarann á netþjóninum sem sannreynir númer notandans.

Auðkenning með vottuðum skilríkjum

Rafræn skilríki byggjast á dreifilyklaskipulagi. Í dreifilyklaskipulagi eru tveir lykklar; einkalykill sem er aðeins aðgengilegur eiganda sínum og dreifilykill sem er opinber og gerður aðgengilegur þeim sem þurfa á honum að halda. Lyklaparið er notað til auðkenningar, sannvottunar og undirritunar. Einnig er hægt að nota lyklapar í dreifilyklaskipulagi til dulritunar gagna. Rafræn skilríki eru rafrænt form sem inniheldur meðal annars upplýsingar um einstakling ásamt dreifilykli. Ein af öruggari leiðunum til varðveislu rafrænna skilríkja er að vista þau á snjallkortum þar sem þau eru læst í örgjörva. Þessar upplýsingar og tenging þeirra við einstakling og lyklaparið hafa verið sannvottaðar af vottunarþjónustu sem fólk treystir. Vottunarþjónustan hefur þá skrifað undir skilríkið með rafræna einkalykli

sínum. Allir geta sannreynt að undirritun skilríkjanna sé rétt og gild og að viðkomandi skilríki sé í gildi. Rafræn skilríki geta innihaldið margs konar nytsamlegar upplýsingar, svo sem kennitölu handhafa þess, netfang o.fl. Með rafrænum skilríkjum má einnig votta tengsl milli fyrirtækja, einstaklinga og búnaðar. Ákveðinni vottunarstefnu þarf að fylgja við útgáfu á skilríkjum. Þessi vottunarstefna er öllum aðgengileg sem vilja vita hvernig vottunin fer fram og staðfesta þannig það traust sem fylgir skilríkjunum.

Traustið má rekja til útgefanda

Það er því mikill munur á auðkennislykli og rafrænum skilríkjum. Auðkennislykill er ekki hægt að nota til auðkenningar nema innan þess kerfis sem hann er í, t.d. í netbönkum. Það er ekki hægt að fara með auðkennislykil í annað kerfi til þess að auðkenna sig. Auðkennislyklarnir eru því notaðir í lokuðu umhverfi sem tiltekinn hópur ákveður að treysta. Engar persónulegar upplýsingar er hægt að vinna úr lyklinum. Rafræn skilríki er hægt að nota í hvaða kerfi sem er svo fremi að sömu stöðlum í útfærslu sé fylgt. Með rafrænum skilríkjum er hægt að rekja traustið sem borið er til skilríkisins í hvaða kerfi sem er. Það er hægt að rekja traustið til útgefanda og þar með taka ákvörðun um hvort treysta eigi skilríkinu eða ekki. Rafræn skilríki tryggja einnig heilleika gagna sem eru rafrænt undirrituð og gera mögulegt að dulrita gögn. Auðkennislykla er ekki hægt að nota til þess að viðhalda heilleika gagna né til þess að dulrita. Í framtíðinni munu rafræn skilríki væntanlega leysa auðkennislyklana af hólmi í innskráningu í netbanka þótt auðkennisnúmer verði vafalítið notuð í sérstökum tilvikum.

Traustið tryggt í samskiptum á Netinu:

Alla leið með rafrænum skilríkjum

Höfundar: Haraldur Sverrisson, skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu, og Sæmundur Sæmundsson, stjórnarformaður Auðkennis.

Nýjustu upplýsingar sýna að íslenska þjóðin er mest nettengda þjóð í heimi. Rafræn samskipti manna á milli hafa aukist geysilega undanfarin ár og ný boðtæki tekið við af gömlum. Þannig hefur tölvupóstur að tölverðu leyti rutt úr vegi hefðbundnum pósti, spjallforrit og spjallrásir miðla skilaboðum milli fólks og notkun Internet-síma eykst hröðum skrefum.

Erfitt getur hins vegar reynst að sannreyna hver samskiptaaðilinn er. Hver ert þú og hvernig get ég treyst því að þú sért sá sem þú segist vera? Hvernig get ég treyst því að tölvupósturinn sé ekki falsaður eða að viðmælandinn á spjallinu sé sá sem hann segist vera?

Í stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2004-2007 segir: „Stefna ber að því að notkun rafrænna skilríkja verði almenn og útbreidd svo unnt verði með öruggum hætti að bera kennsl á samskiptaaðila.“ Fjármálaráðuneytinu er falin ábyrgð þessa verkefnis og hefur á undanförunum árum unnið að framgangi þess. Í því skyni hófst árið 2003 tilraunaverkefni undir stjórn fjármálaráðuneytisins um notkun rafrænna skilríkja og rafrænna undirskrifta hjá nokkrum ríkisstofnunum, m.a. hjá Tollstjóranum í Reykjavík við umsýslu tollskjala.

Samstarf ríkis, banka og sparisjóða

Árangur þessa tilraunaverkefnis var góður og full ástæða þótti til að halda því áfram. Í kjölfarið hóf fjármálaráðuneytið viðræður við Samband banka- og verðbréfafyrirtækja (SBV) um að rafrænum skilríkjum yrði dreift til almennings með nýrri gerð debetkorta sem innihalda örgjörva sem hýst getur rafræn skilríki. Árið 2005 undirrituðu fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Bjarni Ármannsson, f.h. SBV, viljayfirlýsingu þessa efnis. Nýlega var síðan undirritaður samstarfssamningur milli Auðkennis (fyrirtækis í eigu viðskiptabanka og sparisjóða) og fjármálaráðuneytisins. Með samningnum er staðfestur vilji til áframhaldandi samstarfs um verkefnið. Markmið samstarfsins er að koma á og stuðla að almennri dreifingu og notkun rafrænna skilríkja á Íslandi og auðvelda þannig einstaklingum, stofnunum, fyrirtækjum og öðrum lögaðilum að nýta sér rafræna opinbera þjónustu og möguleika rafrænna viðskipta á öruggan hátt. Samningsaðilar eru sammála um að leggja sitt af mörkum til þess að innleiðing skilríkjanna gangi hratt fyrir sig og notkun þeirra verði sem almennust, m.a. þar sem önnur rafræn skilríki hafa verið notuð. Samkvæmt samningnum mun Auðkenni gefa út og standa að almennri dreifingu rafrænna skilríkja á debetkortum með örgjörva. Bankar og sparisjóðir dreifa nýju debetkortunum til allra núverandi notenda debetkorta og verða þar með öll eldri debetkort endurnýjuð. Reiknað er með að dreifing nýrra korta hefjist í haust.

Ávinningur

Ljóst er að samstarf ríkis, banka og sparisjóða um almenna útbreiðslu rafrænna skilríkja til almennings og fyrirtækja er stórt skref í átt að innleiðingu rafrænnar stjórnsýslu og rafrænna viðskipta á Íslandi. Verkefnið

mun á næstunni valda byltingu í öryggi í öllum rafrænum samskiptum og á ferðalögum um netheima. Óteljandi möguleikar eru til hagræðingar og aukins öryggis með notkun rafrænna skilríkja. Sem dæmi má nefna að slík skilríki verður hægt að nota sem aðgangsglykil að ýmiss konar netlægrri þjónustu og þar með ætti aðeins að þurfa að muna eitt lykilorð í stað margra nú. Það mun eflaust gleðja marga. Tæknin virkar þannig að notandinn setur debetkort sitt í lesara tölvunnar og slær inn eitt lykilorð sem veitir honum þá aðgang að margs konar rafrænni þjónustu. Hægt verður að spara ófáar ferðir og drjúgan tíma – þjóði þjónustuaðilar upp á rafrænar undirskriftir samninga og umsókna í stað undirskriftar í eigin persónu.

Bankar og sparisjóðir dreifa nýju debetkortunum til allra núverandi notenda debetkorta og verða þar með öll eldri debetkort endurnýjuð.



Höfundar: Sæmundur Sæmundsson og Haraldur Sverrisson.

Skilríki.is - allt um rafræn skilríki

Höfundur: Haraldur A. Bjarnason, sérfræðingur í fjármálaráðuneytinu



Haraldur A. Bjarnason

Á skilríki.is verður að finna allar helstu upplýsingar um rafræn skilríki. Vefurinn verður opnaður í nýjum búningi 8. mars næstkomandi. Hann er hugsaður fyrir alla þá sem hafa áhuga á rafrænum skilríkjum og/eða vilja nýta sér þau: almenning, fyrirtæki og opinbera aðila.

Á vefnum má nálgast upplýsingar um virkni skilríkjanna, hvernig þau koma handhöfum að góðum notum og hvernig þeir sem bjóða fram þjónustu geta tengt sig hinum rafrænu skilríkjum. Þar verður listi yfir alla þá þjónustu þar sem rafræn skilríki gilda nú þegar og upplýsingar verða fyrirliggjandi fyrir þá sem vilja setja upp þjónustu sem nýtir rafræn skilríki. Hagnýtar upplýsingar um hvernig uppsetningu í ýmsum kerfum er best háttáð verður þar einnig að finna. Þá verður sett upp á vefnum þrjú þjónusta þar sem reyna má skilríkin með margvíslegum hætti.



SKILRÍKI.IS

Tilraunaverkefni hjá heilsugæslustöðinni í Glæsibæ:

Tímappantani á Vefnum

Höfundur: Valgerður Gunnarsdóttir, forstöðumaður heilbrigðisupplýsinga, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Nú er í undirbúningi að fólk í Voga- og Heimahverfi geti pantað tíma í heilsugæslunni gegnum Netið. Þessi möguleiki verður að veruleika innan skamms og verður fyrirmynd fyrir aðrar stöðvar á höfuðborgarsvæðinu.



Hjá heilsugæslustöðinni í Glæsibæ, sem þjónar íbúum Voga- og Heimahverfis í Reykjavík, er í undirbúningi að bjóða viðskiptavinunum upp á nýja tegund rafrænna samskipta. Það er gert í því augnamiði að bæta aðgengi að þjónustunni og nýta kosti vefsins í heilbrigðisþjónustu. Bæði verður hægt að panta tíma á Netinu og breyta eða afpanta bókaða tíma. Þeir tímar sem hægt verður að bóka gegnum Netið eru viðtal eða símtal hjá lækni, mæðravernd, ungbarnavernd eða heilsuvernd aldraðra. Hver einstaklingur getur einnig bókað fyrir maka og börn að 18 ára aldri. Einungis verður hægt að bóka einn tíma í einu. Þá verður einnig hægt að óska eftir endurnýjun lyfja eða vottorða og einnig að leggja fram fyrirspurnir fyrir starfsfólk stöðvarinnar sem mun senda svör til baka í tölvupósti.

Tilraun sem verður fyrirmynd fyrir aðrar stöðvar

Verkefnið er hugsað sem tilraun til að byrja með og verður ætlað þeim sem eru skráðir á heilsugæslustöðina. Þeir sem vilja nota rafrænu þjónustuna þurfa að sækja um aðgangsorð á stöðinni og kvitta fyrir móttöku þess með persónuskilríkjum. Lykilorðið opnar svo aðgang að rafrænni gátt á vef stöðvarinnar. Þegar verkefnið um rafrænt Ísland verður að veruleika og almenningur getur fengið rafræn skilríki mun sá möguleiki væntanlega verða nýttur og rafræn skilríki þá leysa lykilorð af hólmi. Fólk mun að sjálfsögðu geta valið um hvort það vill nota rafrænu þjónustuna eða hafa gamla lagið eða jafnvel hvort tveggja. Heilsugæslustöðin í Glæsibæ er tilraunastöð fyrir rafræna þróun í heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu og mun því ríða á vaðið með þessa þjónustu. Vonast er til að reynslan verði góð og þá verður hægt að bjóða upp á samskonar þjónustu á öðrum stöðvum. Reiknað er með að þetta sé upphafið að auknum rafrænum samskiptum milli almennings og heilsugæslunnar öllum til hagsbóta. Heilsugæslan vill leggja sitt af mörkum til þess að svo megi verða í framtíðinni og væntir mikils af þessu fyrsta skrefi.



Valgerður Gunnarsdóttir.

Nýtt mannauðskerfi hjá ríkinu:

Til hagsbóta fyrir stjórnendur og starfsmenn

Höfundar: Lára G. Hansdóttir og Stefán Kjærnested.

Á síðustu árum hefur ríkið tekið í notkun nýtt fjárhags- og mannauðskerfi fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir. Er nú svo komið að allir A-hluta aðilar nýta mannauðshluta kerfisins. Kerfið er mjög öflugt og býr yfir mörgum sérhæfðum skjámyndum og skýrslum sem ætlaðar eru þeim sem annast starfsmannahald hjá ráðuneytum og ríkisstofnunum.

Kerfið byggist að verulegu leyti á rafrænni afgreiðslu og samþykktarferlum bæði fyrir launaafgreiðslumenn og aðra starfsmenn. Hver starfsmaður getur haft sitt svæði í kerfinu þar sem hann getur nálgast upplýsingar sem um hann eru skráðar þar, skoðað eigin launaseðla, skoðað og breytt tímaskráningu, sett fram óskir um orlof á tilteknum tíma, skoðað eigin stöðu á ýmsum réttindum, t.d. orlofi, helgidagafrí, frítökurétti og sé hann vaktavinnumaður óskað eftir tilteknum vöktum o.s.frv.

Gerð vaktaáætlunar

Fyrir yfirmenn er sjálfsafgreiðsla þar sem þeir geta unnið við ýmislegt, svo sem farið yfir og samþykkt viðverutíma starfsmanna, óskir um orlof, skipulagt vaktir o.s.frv. Mikilvægur þáttur í nýju kerfi eru möguleikar á hagnýtingu þess við gerð vaktaáætlana. Mögulegt er að gefa starfsmönnum kost á að setja fram óskir um vaktir fram í tímann. Við gerð vaktaáætlunarinnar setur stofnunin fram mannaflapörfina á hverri vakt þar sem kemur skýrt fram hverrar sérfræðikunnáttu er krafist hverju sinni. Að teknu tilliti til fram kominna óska starfsmanna nýtir kerfið bestunaraðferðir til að setja fram tillögu að vaktaáætlun. Að því búnu yfirfer „vaktasmiðurinn“ áætlunina og lýkur gerð hennar. Þegar samþykkt áætlun liggur fyrir geta starfsmenn

nálgast hana í sjálfsafgreiðslu kerfisins þar sem þeir fá upplýsingar um eigin vaktir á viðkomandi tímabili.

Rafrænar launaseðlar spara 25 milljónir

Rafræn stjórnsýsla og möguleikar sem hún býður upp á verður sífelld fyrirferðarmeiri í opinberri umræðu. Með nýjum fjárhagskerfum ríkisins opnast ýmsir möguleikar til að hagnýta slíka ferla sem skila jákvæðum áhrifum bæði með tilliti til sparnaðar og umhverfissjónarmiða. Undanfarið ár hefur orðið mikil breyting á meðferð ýmissa upplýsinga og nú þegar nýtir meirihluti þjóðarinnar sér þjónustu heimabanka og Netið til upplýsingaöflunar og til að versla.

Frá og með útborgun launa 1. febrúar sl. var ákveðið að senda út rafræna launaseðla fyrir starfsmenn ráðuneyta og ríkisstofnana. Með því fá starfsmenn aðgang að launaseðlum sínum í heimabanka og geta prentað þá út ef þurfa þykir. Þá geta margir starfsmenn skoðað launaseðla sína og prentað þá út í sjálfsafgreiðsluhluta mannauðskerfisins.

Áætlaður sparnaður ríkisins og um leið skattborgaranna af þessu breytta fyrirkomulagi er gróft áætlaður um 25 milljónir króna á ári miðað við að enginn fái sendan launaseðil í pósti.

Davíð
LúðvíkssonJon S. von
TetzchnerVilborg
EinarsdóttirDr. Gísli
HjálmtýssonAndrew
McNairDr. Jón Ágúst
ÞorsteinssonFinnbogi
JónssonÞórður
MagnússonEggert
Claessen

Ráðstefna föstudaginn 9. mars frá 8:30 til 12:00:

Samskipti fjárfesta og frumkvöðla

í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs, í tengslum við Tækni og vit 2007

Samtök iðnaðarins og aðildarfélag efna til ráðstefnu um samskipti fjárfesta og frumkvöðla í tengslum við sýninguna Tækni og vit 2007. Áhugaverðir gestir flytja erindi og valinkunnir einstaklingar úr röðum fjárfesta og frumkvöðla taka þátt í pallborðsumræðum.

Á meðan frumkvöðlar vinna hörðum höndum að gróðursetningu góðra hugmynda, í harðgerðu landslagi nútímans, er mikilvægt að faglegir fjárfestar komi að ræktunarferlinu og stuðli að lífvænlegum vaxtarskilyrðum á Íslandi.

En eru menn að uppskera eins og til var sáð? Getu bætt samskipti fjárfesta og frumkvöðla aukið vaxtarhraða og þroska sprotafyrirtækja sem leiðir til betri uppskeru og arðsemi þegar á markað er komið? Hverju hafa fjárfestingar í sprotum skilað? Hvað einkennir góðan sprota? Hvað á að taka langan tíma að byggja upp arðsemi? Hvaða samskiptaleiðir eru í boði?

Ráðstefnan fer fram föstudaginn 9. mars frá 8:30 til 12:00 í Salnum, Tónlistarhúsi Kópavogs.

Tekið er við skráningum á www.si.is, en einnig er hægt að senda tölvupóst á skraning@si.is eða hringja í síma 591 0100.

Tilkynna þarf þátttöku fyrir lok miðvikudags 7. mars næstkomandi. Almenn ráðstefnugjald er kr. 7.900 og fyrir aðildarfyrirtæki SI kr. 5.900. Innifalinn er aðgöngumiði að sýningunni Tækni og vit 2007.

Dagskrá:

- 8:30 Móttaka gesta, afhending gagna og morgunverður
- 9:00 **Setning**
Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins
- Reynsla frumkvöðuls: Stofnun, rekstur og framtíð alþjóðlegs hugbúnaðarfyrirtækis**
Jon S. von Tetzchner, framkvæmdastjóri Opera Software
- Frumkvöðlar í þekkingarfyrirtækjum**
Vilborg Einarsdóttir, stofnandi og stjórnarformaður Mentor og stjórnarmaður í Samtökum sprotafyrirtækja
- Samvinna - lykill að árangri**
Dr. Gísli Hjálmtýsson, framkvæmdastjóri Brúar - fjárfestingafélags
- 10:30 Kaffihlé
- Tengjum frumkvöðla og fjárfesta - Connecting Startups and Investors**
Andrew McNair, framkvæmdastjóri tengslanetsins Connect Scotland
- Pallborðsumræður**
- Dr. Gísli Hjálmtýsson, framkvæmdastjóri Brúar - fjárfestingafélags
 - Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson, stofnandi og stjórnarmaður Marorku og formaður Samtaka sprotafyrirtækja
 - Finnbogi Jónsson, framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs
 - Jon S. von Tetzchner, framkvæmdastjóri Opera Software
 - Vilborg Einarsdóttir, stofnandi og stjórnarformaður Mentor og stjórnarmaður í Samtökum sprotafyrirtækja
 - Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris - fjárfestingafélags
- Fundarstjóri og stjórnandi pallborðs:**
Eggert Claessen, formaður Samtaka upplýsingatækniyrirtækja
- 12:00 Ráðstefnulok

Að lokinni ráðstefnu er gestum boðið að heimsækja bás SI og aðildarféлага á stórsýningunni Tækni og vit 2007 sem fram fer í Fífunni í Kópavogi dagana 8. til 11. mars.

Nánari upplýsingar, dagskrá og skráning á www.si.is


Fjölbreyttar upplýsingar og þjónusta

Höfundur: Bragi L. Hauksson, deildarstjóri upplýsingatæknideildar hjá embætti ríkisskattstjóra.

Það hefur verið sagt að það sé bara tvennt sem sé öruggt í þessum heimi og það séu skatturinn og dauðinn. Segja má að annað af þessu hafi orðið öllu bærilegra á undanförunum árum.

Nú fer sá tími í hönd þegar fólk á gjarna notalega kvöldstund fyrir framan tölvuna með bolla af heitu súkkulaði og fyllir út skattframtalið sitt. Reyndar þarf næsta lítið að fylla út, því yfir 80% upplýsinga á framtalinu eru ýmist áritaðar eða hægt að senda inn rafrænt úr vefböndum. Framtal síðasta árs, sem sumir þurftu alltaf að leita dauðaleit að áður en hafist var handa, er nú aðgengilegt með einum músarsmelli. Kannski má segja að þessi notalega kvöldstund taki allt of skjótt af. Sumir hafa því brugðið á það ráð að hjálpa þabba og mömmu og jafnvel líka afa og ömmu að telja fram.

upplýsinga sem varða almenning og fyrirtæki og þessir aðilar vilja gjarnan hafa aðgang að. Ídulega er ekki hlaupið að því að veita fólk aðgang að þessum upplýsingum, þar sem tryggja þarf að óviðkomandi komist ekki í þær. Það er hins vegar grundvallarsjónarmið í upplýsingasamfélagi að fólk á rétt á að fá að vita hvað er skráð um það og þeirra hagsmuni í opinberum skráum án óþarfa hindrana og kostnaðar. Ríkisskattstjóri er í þeirri einstöku stöðu að vera í öruggu rafrænu sambandi við þorra landsmanna. Það samband er nýtt af ríkisskattstjóra og samstarfsstofnunum til þess að veita almenningi fjölbætta rafræna þjónustu í krafti traustrar auðkenningar.



Upplýsingar í boði á þjónustusíðu á skattur.is

- Þín ökutæki (Umferðarstofa)
- Þínar fasteignir (Fasteignamat)
- Þín staða hjá ríkissjóði (Fjársýsla)
- Þín námslán (LÍN)
- Þínar bætur (Tryggingastofnun)
- Þín félög (Fyrirtækjaskrá RSK)
- Þín staðgreiðsla (RSK)
- o.fl.

Fullbúið framtal

Ríkisskattstjóri á gott samstarf við fjölda stofnana, fyrirtækja og nú síðast bankana vegna framtalsgerðar. Er nú svo komið að það er ekki lengur fjarlægur draumur að fólk fái svohljóðandi tölvupóst í byrjun mars eins og einn pennavinur okkar lagði til: „Kæri viðtakandi. Skattframtal þitt hefur verið fyllt út og er aðgengilegt á skattur.is. Viljir þú gera athugasemdir við framtalið er kærufrestur 30 dagar.“

Upplýsingaveita

Þær opinberu stofnanir sem ríkisskattstjóri á samstarf við, eiga flestar mikil samskipti við almenning. Í gagnaböndum þessara stofnana er mikið magn

Gögn eru sótt eftir hendinni til samstarfsstofnana með vefþjónustum og því eru upplýsingar sem birtar eru viðskiptavini ávallt nýjar og í samræmi við gögn viðkomandi stofnunar.

Sé viðskiptavinur á höttunum eftir frekari þjónustu frá stofnun er eðlilegast að hann sé framsendur frá þjónustusíðu ásamt staðfestingu á auðkenningu til viðkomandi stofnunar. Slík framsending er þegar komin í gagnid fyrir viðskiptavini LÍN og gagnvart leyfisveitingakerfi dómismálaráðuneytis. Fleiri framsendingar eru í þípunum.


Ísbrjótur

Þjónusta og auðkenning ríkisskattstjóra, sem og aðgengi að upplýsingum annarra stofnana hefur gefið fólk innsýn í þá gríðarlegu möguleika sem felast í rafrænni stjórnýsly. Segja má að þetta hafi verið ísbrjótur fyrir rafræna þjónustuveitu ríkisins, Ísland.is, sem verður opnuð á næstu dögum.

Auðkenning ríkisskattstjóra hefur árum saman byggst á veflyklum, en á næstunni verður einnig boðið upp á auðkenningu með rafrænum skilríkjum, sem dreift verður á debetkortum bankanna.

Þjónustusíðan þín

Ríkisskattstjóri er í þeirri einstöku stöðu að vera í öruggu rafrænu sambandi við þorra landsmanna. Það samband er nýtt af ríkisskattstjóra og samstarfsstofnunum til þess að veita almenningi fjölbætta rafræna þjónustu í krafti traustrar auðkenningar.





AP almannatengsl bjóða stjórnendum ráðgjöf á sviði samhæfðra markaðssamskipta þar sem trúnaður og traust eru lögð til grundvallar. Við mætum ólíkum þörfum fyrirtækja og stofnana með mælanlegan árangur að leiðarljósi.

Hjá AP almannatengslum starfa 14 manns með víðtæka reynslu í ráðgjöf á sviði almannatengsla. AP almannatengsl eru samstarfsaðili Edelman á Íslandi. Edelman er eitt stærsta almannatengslafyrirtæki heims með skrifstofur í yfir 40 löndum og um 2.100 starfsmenn.

AP almannatengsl bjóða m.a. upp á:

- Ráðgjöf og stefnumótun
- Fjárfestatengsl
- Fjölmíðlasamskipti
- Útgáfu
- Viðburðastjórnun
- Vefumsjón

AP almannatengsl ehf. • Mýrargötu 2-8 • 101 Reykjavík • www.appr.is • Sími 511 1230 • Fax 511 1232



Edelman *Affiliate*

Afreksfólk velur Háskólann á Bifröst - Besti fjarnámsbúnaður á Íslandi

Í Háskólanum á Bifröst er notaður kennslubúnaður sem kallast Námskjár. Hann er notaður bæði í stað- og fjarnámi og tæknin veitir öllum sömu tækifæri til að bæta lífskjör sín og stunda nám hvar í veröldinni sem þeir kunna að búa. Fjarnámsbúnaðurinn hefur reynst ákaflega vel og er einróma lofaður, ekki síst af því fólki sem ekki á heimangengt eða dvelur um lengri eða skemmri tíma erlendis.

Í hópi nemenda Háskólans á Bifröst nú er meðal annarra afreksfólk í íþróttum sem dvelur á erlendri grund og nýtir sér þennan möguleika til náms.

Umhverfi kennara er með þeim hætti að þeir geta stundað kennsluna hvar sem er og gerir það okkur kleift að státa af frábærum erlendum kennurum sem eru fastráðnir við erlenda háskóla sem og Íslendingum í út-

löndum sem kenna í gegnum Námskjáinn.

Allur texti Námskjásins er á íslensku. Margir samskiptamöguleikar eru í kennslukerfinu, t.d. tölvupóstur og umræðusvæði og spjallrásir sem gera nemendum kleift að eiga samskipti við einn eða fleiri aðila samtímis í umhverfi sem minnir á kennslustofu. Þrátt fyrir að kennslan fari fram óháð stund og stað er kennurum skylt að koma efni inn á Námskjáinn á ákveðnum tímum en nemandinn velur sér hins vegar þann tíma sem honum hentar til þess að hlusta á fyrirlestrana. Því ekki að nýta tímann vel og bæta lífskjörin? Þú getur stundað nám við Háskólann á Bifröst í stofunni heima.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Fjarskiptasamband Íslands við umheiminn:

Áætlað að taka nýjan sæstreng í notkun haustið 2008

Stefnt er að því að nýr sæstrengur sem auki öryggi tenginga Íslands við umheiminn verði kominn í gagnid eigi síðar en haustið 2008. Hafinn er undirbúningur að fyrirkomulagi á eignarhaldi, fjármögnun og rekstri á vegum samgönguráðuneytisins.

Í dag er Ísland tengt umheiminum með tveimur sæstrengjum. Eldri strengurinn, ljósleiðarastrengurinn Cantat-3, sem tekinn var í notkun árið 1994, liggur milli Kanada og Danmerkur, Englands og Pýskalands með greinum til Íslands og Færeyja. Cantat-3 hefur takmarkaða flutningsgetu og verður brátt fullnýttur. Farice-1, sem komst í gagnid árið 2004 er einnig ljósleiðarastrengur og liggur hann milli Íslands og Skotlands með tengingu við Færeyjar.

Örugg samskipti lykilatriði

Starfshópur sem samgönguráðherra skipaði í fyrirasumar til að huga að tilhögun varasambands fjarskipta við umheiminn og skila tillögum um nauðsynlegar fjárfestingar komst að þeirri niðurstöðu að til að tryggja öruggt netsamband og geta mætt örri þróun og útrás í netþjónustu yrði að leggja nýjan sæstreng. Örugg samskipti við umheiminn eru talin lykilatriði fyrir viðskipti við önnur lönd segir meðal annars í skýrslu starfshópsins. Einnig að tengingar þurfi að vera svo öruggar að hverfandi líkur séu á að þær rofni algerlega.

Starfshópurinn benti einnig á að verulegir öryggis- og viðskiptahagsmunir væru bundnir við fjarskiptasambandið milli Íslands og annarra landa og röskun gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir samfélagið. Þá hefur verið bent á að til að unnt sé að markaðssetja Ísland sem ákjósanlegt land fyrir alþjóðlega fjármálastarfsemi sé fullkomið fjarskiptasamband yfir hafið skilyrði. Þetta eigi við um fleiri möguleika til útrásar, til dæmis rekstur

netþjónabúa og skyldrar starfsemi fyrir erlenda aðila og möguleika á sviði heilbrigðisþjónustu.

Ríkisstjórnin samþykkti skömmu fyrir síðustu áramót þá tillögu Sturlu Böðvarssonar samgönguráðherra að ráðist skuli í undirbúning að lagningu nýs sæstrengs. Er nú unnið að fyrstu skrefum sem felast í að ákveða eignarhald og fjármögnun. Verkefnastjóri hefur verið ráðinn til að setja fram nákvæma áætlun um fjárfestinguna og mögulegan rekstrargrundvöll.

Auknir möguleikar með nýjum streng

Ljóst er að rekstrargrundvöllur er naumast fyrir tveimur fullkomnum sæstrengjum milli Íslands og annarra landa þegar einn strengur getur annað nauðsynlegum gagnaflutningi eins og hann er í dag. Rekstraröryggið er hins vegar sífellt veigameiri þáttur í fjarskiptaþjónustu og því nauðsynlegt að tryggja það til hlítar eigi viðskiptavinir að geta treyst því að þjónustan gangi ótrufluð. Af þeim sökum er mikilvægt að leggja í framkvæmd sem þessa. Til að treysta rekstrargrundvöllinn frekar er einnig unnt að hefja markaðsstarf fyrir aukna þjónustu á þessu sviði og þarf að huga sérstaklega að þeim þætti í undirbúningnum. Í því getur áhugi fjarskiptafyrirtækjanna falist.

Stefnt er að því að fyrirhugað leiðarval strengsins liggja fyrir í sumarþyrjun og að botnrannsóknir geti farið fram í sumar. Strengurinn sjálfur yrði síðan lagður næsta sumar og tekinn í notkun síðla árs 2008.

Rafrænir lyfseðlar á Íslandi:

Aukið öryggi og bætt þjónusta

Höfundur: Benedikt Benediktsson, verkefnisstjóri heilbrigðisnets í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.

Nú líður senn að innleiðingu rafrænna lyfseðla á Íslandi, en prófanir á slíku kerfi hafa staðið yfir síðan árið 2001 sem tilraunaverkefni á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins (HTR). Læknar og apótek sem hafa tekið þátt í tilrauninni telja mikinn ávinning af þessu fyrirkomulagi. Fyrst og fremst er þó um að ræða aukið öryggi við lyfseðlaútgáfu og bætt þjónustu við viðskiptavinina.

Í lok ársins 2005 tók þáverandi heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, ákvörðun um að rafrænir lyfseðlar skyldu teknir í notkun um allt land í samskiptum lækna og apóteka. Ástæða þess að innleiðingin er ekki hafin er fyrst og fremst sú að ákveðið var að útfæra almenna samskiptaleið sem nýttist ekki eingöngu fyrir lyfseðla, heldur fyrir samskipti með heilbrigðisupplýsingar almennt. Sú samskiptaleið er nú innan seilingar og boðar nýja tíma í samskiptum með heilbrigðisupplýsingar. Með því að tengja saman allar heilbrigðisstofnanir auk fjölda annarra aðila sem starfa á heilbrigðisviði opnast miklir möguleikar á rafrænum samskiptum milli þessara aðila sem geta aukið öryggi, bætt þjónustu og stuðlað að hagræðingu.

Innleiðing rafrænna lyfseðla

Fyrsti áfangi verkefnisins um rafræna lyfseðla nær yfir sendingar lyfseðla frá flestum heilsugæslustöðvum, heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum landsins. Áætlað er að þessum áfanga ljúki á yfirstandandi ári. Í framhaldi af því

verður opnað fyrir sendingar frá öðrum læknum. Heildarfjöldi lyfseðla árið 2004 var tæplega 1.900 þúsund og er markmið verkefnisins að um helmingur allra lyfseðla verði sendur með rafrænum hætti við lok ársins 2007.

Fyrirkomulag

Fyrir sjúkling sem fer til læknis og fær lyfseðil breytist fyrirkomulagið þannig að í stað þess að fá í hendur pappírlyfseðil er lyfseðillinn sendur í lyfseðlagátt. Sjúklingurinn getur þá farið í hvaða apótek sem er og beðið um að fá lyfseðilinn afgreiddan. Lyfseðlagáttin geymir lyfseðla allt þar til

þeir eru sóttir allt að einu ári sem er gildistími venjulegs lyfseðils. Fjölnota lyfseðlar geymast í gáttinni og eru tilbúnir til næstu afgreiðslu á réttum tíma. Að lokinni notkun er lyfseðlunum eytt úr gáttinni. Fyrirkomulagið verður kynnt almenningi nánar þegar líður að innleiðingu.

Ávinningurinn

Sá ávinningur sem mestu skiptir er aukið öryggi og bætt þjónusta. Öryggi í meðhöndlun lyfseðla eykst með minni hættu á mistúlkun, faxsending lyfseðla mun heyra sögunni til og símalyfseðlum fækkar verulega. Fölsun verður einnig mun erfiðari eða nánast ómöguleg sem er mikið framfaraskref og í takt við almenna þróun þar sem t.d. bankaávisanir hafa nánast horfið á síðustu árum. Þjónusta batnar með því að flæði lyfseðla til apóteka verður jafnara og einnig að fjölnota lyfseðlar tynast ekki, heldur liggja í gáttinni og bíða næstu úttektar.




Benedikt Benediktsson.

Markmið verkefnisins er að um helmingur allra lyfseðla verði sendur með rafrænum hætti við lok ársins 2007.

Reikningana rafrænt – pappírinn burt

Höfundar: Bergþór Skúlason, Fjársýsla ríkisins, og Örn S. Kaldalóns, framkvæmdastjóri ICEPRO.

Íslenskt samfélag er komið einu skrefi nær því að rafræða öll viðskipti í landinu með því að skilgreina form fyrir einfalda rafræna reikninga. Fjársýsla ríkisins mun fyrir hönd hins opinbera taka á móti slíkum reikningum í vor, með það að markmiði að allar stofnanir ríkisins geti tekið við rafrænum reikningum fyrir árslok 2008.



Undanfarið hafa æ fleiri fyrirtæki reynt að minnka pappírnotkun og miðla upplýsingum til neytenda rafrænt. Flugfélögin eru að mestu hætt að gefa út pappírarsfærslu, en senda þeim tölvupóst sem keypt hafa ferðir sínar á heimasíðu félaganna. Atlantsólía sendir fólki kvittanir í tölvupósti og fleira mætti nefna.

Rafræn viðskipti eru ekki nýtt fyrirbæri. Fyrir rúmlega 40 árum hófu menn tilraunir við að senda pantanir og reikninga á milli fyrirtækja á rafrænu formi. Árangurinn varð EDI-formið sem varð að alþjóðlegum staðli undir heitinu EDIFACT. Staðall sá hefur verið í notkun hér á landi sl. 20 ár og reynst afar vel. Fyrirtæki í vörudreifingu eða flutningum hafa notað hann til að miðla upplýsingum um vörur og vöruskil sín á milli og einnig á milli vöruhúsa og verslana. Nú er svo komið að heildsalar geta vart selt stóru verslunarkedjunum vöru, nema þeir geti tekið við pöntun á rafrænu formi. Í aðfangakeðjunni eru upplýsingar um vörurnar, vörulistar, pantanir og reikningar hluti af vörunni. Upplýsingakerfin eru því að verða hjartað í starfsemi fyrirtækja. En viðskipti neytenda við verslanir eru miklu einfaldara ferli, þar sem tíðkast reikningar vegna tilfallandi viðskipta. Viðskipti á Netinu eru pappírslaus til þess að einfalda fyrirkomulag viðskiptanna. Hægt er að veita ódýra hagkvæma þjónustu á Netinu, t.d. eins skiptis aðgang að heimasíðu upp á örfáar krónur eða jafnvel aura. Sama gildir um megnið af kaupum ríkisins á vöru og þjónustu – reikningarnir eru mjög einfaldir.

Rafrænt form reikninga

Í febrúar 2005 tóku gildi lög í Danmörku sem skylduðu öll fyrirtæki landsins til að senda reikninga á rafrænu formi til ríkisins annars fengjust þeir ekki greiddir. Frægt dæmi er af danska skattinum sem fékk pappírreikning frá fyrirtækinu sem vistaði heimasíðu þeirra. Reikningurinn fékkst ekki greiddur og áður en hann lokst komst í rafrænt form, var síðunni lokað. Þetta átak Dana hefur nú staðið í tvö ár og er árangurinn mjög góður.

Fljótlega varð ljóst að svipað fyrirkomulag við miðlun reikninganna hentaði vel á Íslandi og tóku því ICEPRO-samtökin að sér að aðlaga formið fyrir íslenskar aðstæður. Þá hófst samstarf milli Norðurlandapjóðanna um samræmingu rafrænna skjala, þ.a.m. pantana og reikninga.

Stuðst er við svokallað XML-form sem er aðferð til að lýsa innihaldi rafrænna skeyta og senda upplýsingar á milli tölvukerfa. XML er staðall sem hefur þróast samhliða Netinu og er hugsaður til að senda upplýsingar milli tölvukerfa. Kosturinn við hann er að hann hentar vel til að miðla upplýsingum milli tölva sem geta komið sér saman um hvert innihald skeyta er. Þegar sátt er milli aðila í viðskiptalífnum um form einfaldra reikninga er auðvelt fyrir hönnuði upplýsingakerfa að nýta sér þetta form, því vitað er að vaxandi fjöldi kerfa mun geta unnið með það í framtíðinni. Þegar aðilar eiga í viðskiptum munu tölvukerfi sendanda einfaldlega vísa í þetta form og ef kerfi móttakanda þekkir það, er einfalt að miðla reikningum milli aðilanna.

Innleiðing á Íslandi

Hér á landi tíðkast EDI-form reikninga sem hentar vel stærri fyrirtækjum, en síður smærri fyrirtækjum eða einstaklingum. Íslenska ríkið hefur undanfarin misseri skipulagt rafræn innkaup með notkun XML-reikninga í huga. Því féll átak Dana vel að stefnumótun íslenska ríkisins. Til að ná sátt við atvinnulíf um form reikninga var ákveðið að vísa þessu máli til ICEPRO, samtaka um rafræn viðskipti, og tóku þau að sér að þróa form rafræns reiknings fyrir íslenskt atvinnulíf.

Handbók ICEPRO um notkun XML-reikninga var tilbúin í lok árs 2006. Stuðst er við svokallaðan UBL 2.0-staðal og hefur þessi vinna verið unnin í samstarfi norrænna þjóða. Því munu íslenskir reikningar og pantanir geta runnið óbreytt á milli tölvukerfa Íslands og Norðurlandanna.

Þessa dagana er verið að undirbúa innleiðingu rafrænna reikninga hjá

íslenska ríkinu. Unnið er að því að allar stofnanir ríkisins geti tekið við reikningum á rafrænu formi. Þar mun verða stuðst við handbók ICEPRO og byggt á því formi. Í framhaldi af því verður þess óskað að þau fyrirtæki sem geta nýtt sér XML-form, sendi reikninga til ríkisins á því formi. Einnig er þess vænst að stuðningur við þetta form verði til staðar í bankakerfinu og flutningsneti símafyrirtækjanna.

Næstu skref

Þess er vænst að vaxandi hluti ýmissa viðskiptaskjala verði á rafrænu formi á næstu árum. Sama mun gilda um pantanir og reikninga. Reikningar frá þjónustuaðilum og birgjum munu verða pappírslausir á næstu árum.

Það er spurning hvort farin verði sú leið að lögleiða þetta fyrirkomulag – þ.e. að allir verði skyldaðir til að senda ríkinu reikninga á rafrænu formi. Það eru rök bæði með og á móti. Huga þarf að því hvernig litlir aðilar og einyrkjar gætu nýtt sér þessa tækni, án þess að hún verði þeim byrði sem kostar meir en hún getur sparað. Á móti þarf líka að huga að því að tryggja litlum aðilum aðgang að viðskiptanetum stærri fyrirtækja svo þeir verði ekki útilokaðir frá viðskiptum af tæknilegum ástæðum.

Þess er vænst að vaxandi hluti ýmissa viðskiptaskjala verði á rafrænu formi á næstu árum. Sama mun gilda um pantanir og reikninga.



Reykjanesbær Þinn bær á netinu

Reykjanesbær leggur áherslu á skjóta og vandaða upplýsingagjöf og hentugt samráðsferli við íbúa.

Mitt Reykjanes er spennandi möguleiki í rafrænni stjórnsýslu en þar gefst íbúum kostur á að reka erindi sín við stjórnsýslu bæjarins á rafrænan hátt og fá svör til baka á sama máta.

- Upplýsingar um fjárhagsstöðu
- Upplýsingar um nám barna
 - Rafrænar umsóknir
- Formleg erindi til bæjarins
- Umræður og fyrirspurnir
- Skoðanakannanir
- Samráðsmál



REYKJANESBÆR

Viðskiptavinum spöruð sporin

Höfundar: Þorgerður Ragnarsdóttir, forstöðumaður kynningarmála, og Þórólfur R. Þórólfsson, deildarstjóri hugbúnaðardeilda.

Sérstök áhersla verður lögð á þróun rafrænnar þjónustu hjá Tryggingastofnun á árinu 2007 með einkunnarorðin þjónustu, hagræðingu og öryggi að leiðarljósi. Stefnt er að því að viðskiptavinir geti sinnt flestum erindum sínum við Tryggingastofnun á Netinu í stað þess að leggja leið sína á þjónustustaði.

Starfsemi Tryggingastofnunar snýst um að halda utan um umfangsmikið og flókið almannatryggingakerfi. Málaflokkarnir skiptast í megindráttum í lífeyristryggingar, sjúkratryggingar og hjálpartækjapjónustu. Þjónustan snýr bæði að almennum viðskiptavinum og heilbrigðisstarfsmönnum um allt land en teygir auk þess anga sína um allan heim. Starfsmenn Tryggingastofnunar þurfa að takast á við síbreytilegar aðstæður og áreiti frá umhverfinu. Fljótt og örugglega þarf að bregðast við laga- og reglugerðarbreytingum frá Alþingi. Viðskiptavinum stofnunarinnar hefur fjölgað langt umfram íbúa landsins undanfarin ár. Árið 2005 námu útgjöld stofnunarinnar til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar 52,6 milljörðum kr. eða um 17% af útgjöldum ríkissjóðs.

Umfangsmikil þjónusta

Á hverjum degi koma mörg hundruð manns í þjónustumiðstöð Tryggingastofnunar í Reykjavík, aðrir hringja í þjónustuver, senda fyrirspurnir í tölvupósti eða heimsækja umboð stofnunarinnar um land allt. Stefnt er að því að opna þjónustuveitu á vefnum fyrir almenning sem tryggir viðskiptavinum betri upplýsingar um eigin málefni, meira jafnræði í aðgengi að þjónustu, styttri afgreiðslutíma og þjónustu allan sólarhringinn. Rannsókn sem Gyða Halldórsdóttir vann árið 2005 í samstarfi við Tryggingastofnun bendir til að almenningur muni nýta einkaaðgang að þjónustu Tryggingastofnunar á Netinu.

Nýr og fjölbreyttari vefur

Nýr vefur var opnaður á www.tr.is í desember sl. Við smíði hans var horft til vaxandi mikilvægis vefsins sem samskiptatækis og þjónustuveitu.

Þjónustan, sem viðskiptavinir TR geta sótt á vefinn, verður smám saman fjölbreyttari. Auk eyðublaða, sem um nokkurra ára skeið hefur verið hægt að sækja á vefinn, eru umsóknir um evrópska sjúkratryggingakortid fullkomlega rafrænar. Á vefnum er einnig reiknivél þar sem einstaklingar geta áætlað lífeyrisgreiðslur út frá persónulegum forsendum.

Sérstök verkfæri til að bæta aðgengi mismunandi hópa að vefnum eru ýmist þegar á vefnum eða verða það innan skamms. Stillingar.is gera fólki kleift að breyta letri og lit á síðunni eftir eigin höfði. Efni á vefnum er lesanlegt með skjálesurum fyrir sjónskerta og fólk með lesariðleika. Á næstu mánuðum munu netsamtöl við þjónustufulltrúa standa viðskiptavinum til boða. Unnið er að vottun vefsins á aðgengi fyrir fatlaða á árinu 2007.

Samskipti við heilbrigðisstarfsfólk

Unnið er að auknum rafrænum samskiptum Tryggingastofnunar við heilbrigðisstarfsfólk. Frá árinu 1999 hefur verið tekið á móti rafrænum lyfseðlum frá lyfsölum. Árið 2006 var þannig tekið á móti um 2,2 milljónum lyfseðla. Sjúkraþjálfarar senda flestir reikninga sína rafrænt til Tryggingastofnunar í gegnum Netid og geta fengið upplýsingar frá vefþjónustu til að reikna greiðsluþátttöku sjúklinga sinna. Í gangi er verkefni sem miðar að því að taka á móti reikningum sérfræðilækna í gegnum Netid í stað móttöku reikninganna rafrænt á geisladiskum. Loks er stefnt að því í náninni framtíð

að taka upp rafræn samskipti við tannlækna. Að öllum líkindum þarf að undirbúa frekari rafræn samskipti við systurstofnanir á EES-svæðinu í samræmi við reglugerð ESB sem allt bendir til að verði hluti af íslenskum rétti. Sjúkratryggðir einstaklingar ávinna sér rétt til afsláttar á greiðslum fyrir heilbrigðisþjónustu þegar þeir hafa náð tilteknum hámarksreiðslum á

sama almanaksári. Afsláttarkort eru nú send sjálfkrafa heim til þeirra sem ávinna sér þennan rétt ef upplýsingar um það eru til hjá Tryggingastofnun. Enn sem komið er berast stofnuninni aðeins rafrænar upplýsingar um greiðslur fyrir þjónustu sérfræðilækna. Unnið er að samningum um sambærilegt samstarf við heilbrigðisstofnanir. Þegar þar að kemur munu víðtækari upplýsingar berast og þessi þjónusta verða virkari en nú er.

Hagræðing við endurgerð tölvukerfa

Hjá Tryggingastofnun er til mikils að vinna með því að ná fram hagræðingu og einföldun í verkferlum með rafrænni stjórnsýslu. Umfangsmikið og flókið almannatryggingakerfi endurspeglast í upplýsingatækni stofnunarinnar. Þar eru rekin afkastamikil tölvukerfi sem halda utan um alla þá málaflokka sem stofnunin vinnur með. Þau hafa á undanförnum árum verið endurgerð og eru nú samþætt og keyrð á einum og sama grunninum. Endurgerðin hefur stuðlað að hagræðingu í vinnuferlum, betri afgreiðslu mála, bættri þjónustu og miðlun upplýsinga. Með breytingunum hefur tekist að undirbúa góðan jarðveg fyrir þróun rafrænnar stjórnsýslu hjá stofnuninni.

Öryggi og aukid eftirlit

Horft er til samstarfs við RSK um nýtingu veflykils til auðkenningar á einkasíðu viðskiptavina Tryggingastofnunar. Stofnanirnar eiga nú þegar í samstarfi um birtingu greiðsluseðla lífeyristrygginga á þjónustuvef RSK. Árangurs af verkefni ríkisins og bankanna um dreifingu rafrænna skilríkja á örgjörvum debetkorta er beðið með óþreyju. Með rafrænum skilríkjum fær almenningur öruggt auðkenni sem nota má fyrir rafræna þjónustuveitu og aðgang að persónubundnum upplýsingum hjá Tryggingastofnun. Með

tilkomu þeirra verður mögulegt að undirrita umsóknir og eyðublöð á rafrænan máta.

Verið er að auka eftirlit við afgreiðslu mála með rafrænni stjórnsýslu. Þegar hefur aukid sjálfvirkt eftirlit í tölvukerfum og uppbygging vöruhúsa gagna skilað árangri. Stefnt er að enn betri árangri með því að efla upplýsingaöflun frá viðskiptavinum TR, auka miðlun upplýsinga til viðskiptavina og að samnýta gögn.

Rafvæðing felur í sér ótal tækifæri til aukinnar þjónustu við viðskiptavini Tryggingastofnunar. Þær breytingar munu eflaust létta álagi af þjónustustöðum og vera til þægindaauka fyrir viðskiptavini og heilbrigðisstarfsfólk í samskiptum við Tryggingastofnun í framtíðinni.

Endurgerð tölvukerfa hefur stuðlað að hagræðingu í vinnuferlum, betri afgreiðslu mála, bættri þjónustu og miðlun upplýsinga.

Stefnt er að því að opna þjónustuveitu á vefnum fyrir almenning sem tryggir viðskiptavinum betri upplýsingar um eigin málefni, meira jafnræði í aðgengi að þjónustu, styttri afgreiðslutíma og þjónustu allan sólarhringinn.



Þorgerður Ragnarsdóttir og Þórólfur Rúnar Þórólfsson.



ANGEL PINGAÐISTJAFN ÞAGSISLEIK - 130906



„Þráðlausar handtölvur auðvelda okkur hjá Rúmfatalagernum skráningu birgða í vörúsum okkar og getum við treyst þeirri tækni sem Landsteinar Strengur hefur þróað og hannað. Kerfið inniheldur einstaka frávika-meðhöndlun sem tryggir okkur fullkomnið yfirlit á vöruflæði og stöðu vörubirgða.“

Þorsteinn Þorsteinsson,
fjármálastjóri Rúmfatalagersins.

Þegar byggja þarf ákvarðanir á tölum

... gerðu þá kröfu um áreiðanleika þeirra

Þráðlausar handtölvur eru sveigjanleg lausn fyrir vörúsum og er byggð á viðskiptakerfinu Microsoft Dynamics Navision. Lausnin auðveldar alla meðhöndlun upplýsinga og tryggir einfalt og öruggt flæði frá handtölvum til upplýsingakerfisins.

Lausnin kemur með tilbúnum handtölvuferlum sem styðja við þá ferla sem fyrir eru í stöðluðu vörúsumakerfi Navision. Notkun lausnarinnar er virðisaukandi þar sem hún tryggir aukin afköst og gæði gagna í kerfinu. Kerfið straumlínulagar ferli með aukinni sjálfvirkni og veitir skýrari yfirsýn.

Okkar þekking - þitt forskot!



Landsteinar Strengur

Ármúla 7 - 108 Reykjavík - Sími 550 9000 - www.landsteinarstrengur.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner



Meðal annarra lausna frá Landsteinum Strengur eru:

- Launakerfi
- Verkbókhaldskerfi
- Tímaskráningarkerfi
- Stjórnendalausnir
- Þjónustukerfi
- Tengslastjórnunarkerfi

Microsoft Business Solutions
Global ISV Partner of the Year 2005

Lausnir frá Landsteinum Strengur eru notaðar í fleiri en 11.600 verslunum og rúmlega 27.800 afgreiðslukössum víðsvegar um heim. Meðal ánægðra viðskiptavina má nefna: IKEA, Adidas, Debenhams, Pizza Hut, Booths stórmarkaðir, Alliance Pharmacy og Concept Sports International (EM 2004, ÓL í Apenu árið 2004).

Með Netdreifingu Kaupþings, útgjaldadreifingunni í Netbankanum,

stýri ég fjármálunum mínum sjálf og veit því alltaf hvernig ég stend. Ég ákveð hvernig útgjöldunum skuli dreift og síðan greiðast þau sjálfkrafa eftir það. Sama upphæð er tekin út af reikningi mínum í hverjum mánuði og ég spara þjónustu- og vaxtagjöld í leiðinni.*

Kynntu þér málið á kaupthing.is eða í þjónustuveri bankans í síma 444 7000.

*Netdreifingin er með hærri innlánsvexti og lægri yfirdráttarvexti en hefðbundin útgjaldadreifing. Auk þess er ekkert stofngjald, mánaðargjald, endurnýjunargjald eða breytingargjald.



KAUPÞING

Hugsum lengra

Seltjarnarnesbær:

Fyrsta bæjarfélag Evrópu með 100% ljósleiðaratengingu

Framkvæmdir við lagningu ljósleiðara á Seltjarnarnesi hafa nú staðið yfir í um tvö ár en þessa dagana er verið að leggja lokahönd á verkið. Seltjarnarnesbær samdi í árslok 2004 við Orkuveitu Reykjavíkur um framkvæmdina en í henni felst ljósleiðaratenging allra heimila og húsa í bæjarfélaginu. Seltjarnarnesbær hefur þannig náð þeirri merkilegu stöðu að vera fyrsta bæjarfélag Evrópu sem nær 100% ljósleiðaratengingu heimila.

Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri, segir að með ákvörðun sinni stefni bæjarstjórn á að verða í fararbroddi bæjarfélaga að þessu leyti. „Í ljósleiðaralögn felast mikil tækifæri og hagsmunir fyrir bæjarbúa,“ segir Jónmundur. „Markmiðið með lagningu ljósleiðaranets í öll hús á Seltjarnarnesi er að auka lífsgæði í sveitarfélaginu, viðhalda verðmæti fasteigna eða hreinlega auka það. Með þessari framkvæmd er áhersla lögð á að byggja gagnaflutningsnet til framtíðar þar sem bæjarbúar geta á hagkvæman hátt notið þess sem best gerist í afþreyingu og öryggi án þess að þurfa að leggja í slíka fjárfestingu sjálfir.“

Opið net skilyrði

Jónmundur segir að með ljósleiðaranum sé verið að leggja gagnabráut sem allir geti nýtt sér. „Íbúar fá lögnina inn til sín með endabúnaði án endurgjalds og geta síðan valið hvort þeir vilja nýta þjónustuna eða ekki.

Ég tel að það sé grundvallaratriði ef opinberir aðilar eru á annað borð að koma að málum af þessu tagi, að það sé skýr aðgreining á milli dreifikerfisins og efnisins og tryggt sé að notendur hafi frelsi til að velja á milli ólíkra þjónustuveitenda. Þetta er eins og með vegakerfið. Það er okkar að stuðla að því að vegakerfið verði til en annarra að sjá um umferðina, nema hvað snertir okkar eigin þjónustu, t.d. aðgang borgara að þjónustu bæjarfélagsins. Skilyrðið um opið net var lykillinn að þátttöku okkar í verkefninu og gerð var krafa um eitt opið net sem annaði öllum gagnaflutningum.“

Fjölmörg sóknartækifæri felast í ljósleiðara og opnu neti

Ljósleiðaranetið á Seltjarnarnesi mun gegna fjölbættu hlutverki og bæjarfélagið mun verða einn af þjónustuveitendum. „Rafræn stjórnsýsla okkar mun flytjast á ljósleiðarann þegar þar að kemur. Þá er stefnt að því að



Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Seltjarnarness, til hægri, og Christer Mattson hjá INEC undirrita inngöngu bæjarins í samtökin.

Fulltrúi Íslands á alþjóðavettvangi

Seltjarnarnesbær hefur gerst aðili að alþjóðasamtökunum INEC en bæjarfélaginu var boðin aðild eftir að stjórn þeirra hafði kynnt sér ljósleiðaraáform þess og þau verkefni sem í bígerð eru og snúa að rafrænni þjónustu. INEC eru fjölþjóðleg samtök forystumanna í þróun háhraðatenginga og rafrænnar þjónustu. Í nóvember skrifaði Jónmundur fyrir hönd bæjarins undir yfirlýsingu samtakanna þar sem áhersla er lögð á opin gagnaflutningsnet sem ávallt geti svarað kröfum samfélagsins hvað varðar gæði og hraða gagnaflutninga. Í yfirlýsingunni er einnig hnykktt á mikilvægi þess að rekstur slíks nets sé aðskilinn frá þeirri þjónustu sem á því er veitt til að tryggja samkeppni og jafnræði auk þess sem „breiðbandstenging“ er skilgreind sem 100 MB/sek. að lágmarki.

Nánari upplýsingar:

www.seltjarnarnes.is
<http://www.i-nec.com/>

Okkur fannst það því bæði klókt og eftirsóknarvert að vera í fararbroddi þeirra sveitarfélaga sem vilja ljósleiðaravæðast og byggja upp framtíðarkerfi.

hún verði aðgengileg bæjarbúum hvort sem er í gegnum tölvu eða sjónvarp en við teljum að þannig getum við breikkað þann hóp sem nýtir sér rafræna þjónustu. Með því að gera hefðbundna vefþjónustu aðgengilega í sjónvarpi vonumst við til að ná til þeirra kynslóða sem ekki eru vanar tölvunotkun,“ segir bæjarstjóri.

Jónmundur segir að sökum sérstöðu sinnar hafi Seltjarnarnes ekki yfir miklu óbyggðu landi að ráða og þar hafi ekki þrífist stór fyrirtæki sem þurfi mikið landrymi undir starfsemi sína. Með ljósleiðaranetinu opnast hins vegar möguleikar fyrir smærri þekkingarfyrirtæki sem séu ekki plássfrek. „Okkur fannst það því bæði klókt og eftirsóknarvert að vera í fararbroddi þeirra sveitarfélaga sem vilja ljósleiðaravæðast og byggja upp framtíðarkerfi sem mun anna ört vaxandi eftirspurn eftir bandvídd um ókomin ár,“ segir Jónmundur.



SELTJARNARNES

Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu:

Neytendastofa treystir öryggi og réttindi neytenda í viðskiptum

Hlutverk Neytendastofu er að treysta öryggi og réttindi neytenda í viðskiptum og annast framkvæmd laga um neytendavernd. Upplýsingamiðlun er þáttur í neytendavernd og virkt eftirlit Neytendastofu felst einnig í því að taka við fyrirspurnum og ábendingum ef lögum er ekki framfylgt.

Auk þess tekur Neytendastofa ákvarðanir um hvort hættuleg vara skuli afturkölluð af markaði eða öðrum viðurlögum beitt í tilefni af brotum. Viðskiptamenn eru því allur almenningur á Íslandi, þ.e. neytendur og ýmsir hópar úr atvinnulífnum, t.d. lögmenn, eigendur eftirlitsskyldra mælitækja og rafverktakar.



Tryggvi Axelsson.

Rafræn þjónustugátt viðskiptamanna

Opin og greið leið fyrir viðskiptamenn Neytendastofu að stjórnsýslu stofnunarinnar er lykill að árangursríku starfi í þágu þeirra. Neytendastofa hefur því á heimasíðu sinni, www.neytendastofa.is, opnað rafræna þjónustugátt undir heitinu Rafræn Neytendastofa þar sem hægt er að leggja inn ábendingar og erindi til stofnunarinnar. Á skjótvirkkan og einfaldan hátt geta neytendur og aðrir viðskiptamenn hennar haft fullkomið yfirlit um stöðu erinda sinna í gegnum almenna þjónustugátt, sem þeir hafa einir aðgang að. Eigin málaskrá heldur utan um öll samskipti gagnvart Neytendastofu og úrvinnslu erinda. Skilaboð berast sjálfvirk með tölvupósti til skráðra viðskiptamanna þegar erindi eru móttækin, hvaða starfsmaður hefur tekið erindi til úrvinnslu og upplýsingar um afgreiðslu.

Sérhæfð viðskiptamannagátt – rafverktakar

Hlutverk Neytendastofu er m.a. að annast eftirlit með öllu er varðar rafmagnsöryggismál og eru mikil samskipti milli rafverktaka og stofnunarinnar. Nú þegar hefur verið þróuð sérhæfð þjónustugátt fyrir þennan hóp viðskiptamanna á heimasíðunni. Sérhver rafverktaki landsins hefur þar sína eigin þjónustugátt sem hefur að geyma yfirlit um öll skjöl er varða starf hans, s.s. lög, reglur og önnur gæðaskjöl. Í gegnum sértaka



Samstarfsaðili við þróun og innleiðingu á Rafrænni Neytendastofu er Idega hugbúnaður hf.

þjónustugátt fyrir rafveitufyrirtæki tilkynna fyrirtækin um verðbreytingar á rafmagni sem birtist í reiknivél fyrir samanburð á raforkuverði. Stefnt er að því að veita fleiri viðskiptamannahópum kost á að stofna slíkar sérhæfðar gáttir eftir því sem ástæða þykir til í framtíðinni, til dæmis lögmönnum og eigendum eftirlitsskyldra mælitækja.

Nafnlausar ábendingar

Í samræmi við eftirlitshlutverk Neytendastofu með löggjöf er mikilvægt að hún fái ábendingar frá almenningi ef ástæða er til að ætla að réttindi eða öryggi neytenda lögum samkvæmt séu ekki virt. Af þeirri ástæðu gefst viðskiptamönnum einnig kostur á að senda nafnlausar ábendingar til stofnunarinnar um allt er varðar þá málaflokka sem hún annast eftirlit með. Rafræn Neytendastofa gegnir lykilhutverki við þróun stjórnsýsluhátta hennar og aðlögun að nýjum samskiptaháttum milli stjórnvalda og almennings. Notkun upplýsingatækninnar í þágu opinberrar stjórnsýslu er til þess fallin að unnt verði að veita aðgengilegri og betri þjónustu en áður hefur verið gert. Neytendastofa vill hvetja almenning til þess að nýta sér þá þjónustu sem stofnunin veitir. Á heimasíðunni, www.neytendastofa.is, eru ítarlegar upplýsingar um ýms mál er snúa að öryggi og réttindum neytenda og greið leið að stjórnsýslu stofnunarinnar.

Neytendastofa hefur opnað rafræna þjónustugátt á heimasíðu sinni, www.neytendastofa.is, undir heitinu Rafræn Neytendastofa þar sem neytendur geta lagt inn ábendingar og erindi til stofnunarinnar.

skattur.is

Þjónustuvefur skattstjóra

Mánadagur 29. janúar © 1998

- Sport og svarað
- Veflyklar
 - Týndur veflykill
 - Erfendis búsettir
 - Dánarbúi
- Framtaleiðbeiningar
- Panta framtal á pappír
- Sækja um frest

Innskráning á þjónustulíðu

Kennitala

Veflykill

VeriSign Örygg samskipti

- Skattframtal
- Výðisaukaskattur
- Ársreikningar
- Fjárfýsla ríkisins
- Ókutækjaskrá
- Fyrirtækjaskrá
- Launamiðar og aðrir miðar
- Staðgreiðsla
- Tryggingastofnun
- LÍN
- Fasteignamat ríkisins
- Margt fleira

Simavakt
1. - 30. mars
Sími 511-2250
Fm 1. mars kl. 8:00-16:00
Fm 2. mars kl. 8:00-16:00

Fara á upplýsingavef RSK

Fljótlegt, öruggt og einfalt að telja fram



Gagnvirkt námsefni á Netinu:

Ótvírætt gildi fyrir nemendur og kennara

Höfundur: Jóna Pálsdóttir, deildarstjóri á upplýsinga- og þjónustusviði menntamálaráðuneytis.

Stafrænt og gagnvirkt námsefni í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku er um þessar mundir í framleiðslu á vegum menntamálaráðuneytisins. Námsefnið verður aðgengilegt á Netinu og öllum opið skólaárið 2007-2008. Einkum er gert ráð fyrir að það nýtist á mörkum skólastiga og stuðli að nýbreytni í námi og kennslu. Námsefninu verður fylgt úr hlaði með kynningum og námskeiðum.

Menntamálaráðuneyti og Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið styrkja stafræna námsefnisgerð um samtals 62 milljónir króna með verkefni sem var undirbúið árið 2005. Styrkveiting var auglýst árið 2006 en nefnd tilskipaðra kennslufræðinga valdi úr umsóknum. Niðurstöður voru þær að veita styrki til níu verkefna vegna námsefnisgerðar í íslensku, þriggja í stærðfræði, þriggja í ensku og ein umsókn hlaut styrk vegna námsefnis í dönsku. Auk þess bauðst skólum að taka þátt í verkefni sem byggðist á þróaðri notkun upplýsingatækni og samtímasamskiptum vorið 2006. Menntamálaráðuneyti fól Menntagátt að hafa umsjón og eftirlit með vinnslu námsefnisins. Upplýsingar um styrkþega og framvindu við námsefnisgerðina eru á vefnum menntagatt.is.

Framsækið efni

Tæknin er í sífelldri þróun og því er nauðsynlegt að námsefni aðlagist breytingum á aðstæðum, nýti sér nýja tækni og styðji við framsækna kennsluhætti. Gildi stafræns og gagnvirks námsefnis er af kennurum talið ótvírætt vegna þess að það er aðgengilegt og auðvelt að nálgast það ef upplýsingatækni er á annað borð til staðar. Nemendur sjá einnig kosti við að nýta efnið í heimanámi og foreldrum gefst tækifæri til að fylgjast með framvindu barna sinna.

Kennslufræðingar og tæknilegir sérfræðingar koma að vinnu við námsefnið sem styrkt var því gerð var krafa um vandað efni og aðgengilega framsetningu. Áhersla er lögð á gagnvirkni, tæknilega útfærslu, útlit og kennslufræði í beinum tengslum við markmið námskráa.

Aðgengilegt á Netinu

Með gagnvirku námsefni á Netinu kemur upplýsingatækni að raunverulegu gagni við nám og kennslu án þess að vera viðbót við það fyrirkomulag sem fyrir er. Vegna fyrirhugaðra kynninga á námsefninu sem verið er að vinna og leiðbeiningum um nýtingu þess má vænta þess að notkunin verði útbreidd.

Námsefnið sem hlaut styrk verður öllum aðgengilegt á Netinu í að minnsta kosti eitt ár frá afhendingu, skólaárið 2007-2008. Á skólavef menntamálaráðuneytisins, menntagatt.is, er vísað á öll verkefni og eru nokkur þeirra tilbúin og aðgengileg öllum.



Dreifmenntun í Vestur-Barðastrandarsýslu:

Upplýsingatækni styrkir stöðu dreifðra byggða

Höfundur: Jóna Pálsdóttir, deildarstjóri á upplýsinga- og þjónustusviði menntamálaráðuneytis.

Dreifmenntun í skólum í Vestur-Barðastrandarsýslu er verkefni um nýtingu á upplýsingatækni og samvinnu grunnskóla í Vesturbyggð og Tálknafirði. Framkvæmd verkefnisins stóð yfir árin 2003 til 2006.

Skólarnir sem tóku þátt í verkefninu eru Grunnskóli Tálknafjarðar með um 50 nemendur og Grunnskóli Vesturbyggðar sem er með um 150 nemendur en hann samanstendur af Patreksskóla á Patreksfirði sem er með rúmlega 100 nemendur, Birkimelsskóla á Barðaströnd og Bíldudalsskóla í Bíldudal sem hvor um sig er með líðlega tuttugu nemendur. Forsögu verkefnisins má rekja til þess að illa gekk að fá kennara með réttindi í kennarastöður við grunnskólana í sýslunni og uppfylla þar með lögbundnar kröfur til skólahalds. Þá hafa fjarlægðir og samgöngur í vetrarveðrum gert samskipti og samgang milli skólanna afar erfið því háir fjallvegir eru á milli skólastaðanna og vegalengdir allt frá 12 til 40 km.

Meiri gæði og aukin fjölbreytni

Meginmarkmið verkefnisins var að nýta upplýsingatækni í þágu fræðslustarfs í grunnskólum sveitarfélaganna svo það mætti eflast og styrkja stöðu byggðanna. Lögð var áhersla á að þróa samkenslu og efla samstarf milli skóla á svæðinu, auka og bæta gæði og fjölbreytni námsins ásamt því að kanna möguleika á hagræðingu í skólahaldi með auknu samstarfi á milli skóla og nýtingu upplýsingatækni. Háskólinn á Akureyri gerði úttekt á verkefninu eftir að því lauk.

Niðurstöður úttektar

Í niðurstöðum Rannsóknarstofnunar Háskólans á Akureyri kemur fram að ekki verði annað séð en að umtalsverður ávinningur hafi orðið af dreifmenntunarverkefninu í Vestur-Barðastrandarsýslu. Meðal annars kemur fram að:

- kennsluáferðir í skólunum hafi orðið fjölbreyttari og samskipti kennara á svæðinu aukist
- með aukinni samkenslu á milli skólanna virðist mega draga úr fjölda kennslustunda á svæðinu
- nemendur séu sjálfstæðari í námi og betur undirbúnir fyrir framhaldsnám í fjarnámi en nemendur sem hafa eingöngu fengið hefðbundna kennslu
- félagsleg tengsl nemenda á svæðinu sem verkefnið náði til hafi aukist því nemendur upplifi sig þátttakendur í stærri heild þannig að dregið hafi úr hrepparíg meðal þeirra

Tækifæri urðu til

Dreifmenntunarverkefnið er í rannsóknarniðurstöðum talið hafa skapað tækifæri fyrir alla skólana. Meðal annars fá skólarnir kennara með sérþekkingu í tiltekinni námsgrein til að annast kennslu á svæðinu án þess það kosti sérstaka kennslutíma í hverjum skóla með tilheyrandi ferðakostnaði og erfiðleikum yfir vetrartímann. Einnig kemur fram að dreifkennsla eins og þarna fór fram sé bæði framkvæmanleg og vænleg leið til að styrkja starf skóla í dreifðum byggðum. Árangur nemenda virðist vera sambærilegur árangri nemenda í hefðbundinni kennslu auk þess sem tölvan og notkun upplýsingatækni varð þeim handgengin.

Heimild:

Trausti Þorsteinsson, Tryggvi Guðjón Ingason, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir: Dreifmenntun í grunnskólum V-Barðastrandarsýslu. Nóvember 2006. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri.



Rannveig Haraldsdóttir, eðlisfræðikennari á Patreksfirði, við kennslu nemenda í 8.-10. bekk í Bíldudal og Tálknafirði. Fjarfundabúnaðurinn er ofan á sjónvarpinu en á skjánum sjást nemendur í Bíldudal og Tálknafirði. Auk þess sést kennarinn einnig á skjánum og í þessum tíma voru einnig gestir frá Skólaskrifstofu Ísafjarðarbæjar sem voru að kynna sér dreifmentarkennsluna. Myndin er tekin 8. febrúar 2007.



Nemendur í 8. bekk í Patreksskóla að horfa til Tálknafjarðar, Bíldudals og Birkimels. Skjánum er fjórskipt og sjá allir alla. Nemendur eru með tölvur sem þeir nota til samskipta sín á milli og við kennarann. Einnig gera þau gagnvirk verkefni í Netskólanum. Hér eru þau að læra um kraft og hreyfingu í eðlisfræði. Myndin er tekin vorið 2006.

RISK MANAGEMENT
STUDIO®

Stiki ehf. - Síðumúli 34 - 108 Reykjavík - Sími 5 700 600 - www.stiki.is



YFIRSÝN - STJÓRN - ÁRANGUR

RM Studio til að stjórna gæðum og öryggi í upplýsingavinnslu.

 **Stiki**
Information Security

Vefur Íbúðalánasjóðs á toppnum:

Umsóknarferlið alfarið rafrænt

Höfundur: Hallur Magnússon, sviðsstjóri þróunar- og almannatengsla Íbúðalánasjóðs.

Nýr og endurbættur vefur Íbúðalánasjóðs, www.ils.is, var valinn í fimm vefja úrslit Íslensku vefverðlaunanna 2006 í tveimur flokkum, Besti stofnunar- eða fyrirtækisvefurinn og Besti þjónustuvefurinn. Starfsfólk Íbúðalánasjóðs er stolt og ánægt með þennan árangur, sem er í takt við það markmið sjóðsins „að sjóðurinn skuli vera skilvirk, lipur þjónustustofnun, mönnum hæfu starfsfólki sem vinni að lögbundnum verkefnum sjóðsins á hagkvæman hátt með tilstuðlan öflugrar upplýsingatækni“.

Íbúðalánasjóður tók stórt skref í rafrænni vefþjónustu við viðskiptavinum sínum í desember 2004 þegar róttækar breytingar voru gerðar á greiðslumati viðskiptavina sjóðsins sem fram að þeim tíma hafði verið unnið af starfsfólki banka og sparisjóða. Greiðslumatið var þess í stað fært á vefinn þar sem viðskiptavinir sjóðsins hafa síðan getað gengið sjálfir frá fullgildu, rafrænu greiðslumati og þannig áttað sig á því hver fjárhagsleg geta þeirra til íbúðakaupa er.

Samhliða þessu voru settar á vefinn fjölbreyttar, öflugar reiknivélar þar sem fólk í íbúðakaupahugleiðingum getur gert bráðgreiðslumat, reiknað mánaðarlega greiðslubyrði af lánum og lánasamsetningum, reiknað greiðslu- og vaxtabyrði lána, hver áhrif stytting og lenging lána hefur á greiðslu- og vaxtabyrði lána og síðast en ekki síst borið saman mismunandi íbúðalán og kosti þess að yfirtaka áhvílandi lán.



Lánsúmsóknir eingöngu á vefnum

Á sama tíma og greiðslumatið var sett á vefinn, var lánsúmsóknarkerfið í heild sinni einnig rafrænt. Viðskiptavinir sjóðsins sækja því um lán á vefsíðu sjóðsins, www.ils.is, eða á sameiginlegri vefsíðu Íbúðalánasjóðs og sparisjóðanna, www.ibudalan.is, en þar er einnig unnt að vinna rafrænt greiðslumat. Ef viðskiptavinir sjóðsins treysta sér ekki sjálfir til vinnslu greiðslumats og að sækja rafrænt um íbúðalán geta þeir leitað til Íbúðalánasjóðs eða í næsta útibú einhvers sparisjóðanna og fengið þar aðstoð.



Hallur Magnússon.

Netsamtöl og rafræn eyðublöð

Eins og áður hefur komið fram komst nýr vefur Íbúðalánasjóðs, sem settur var í loftið sumarið 2006, á toppinn hjá Íslensku vefverðlaununum. Með tilkomu vefjarins voru viðskiptavinum sjóðsins boðnir nýir þjónustupættir eins og til dæmis netsamtal við þjónustufulltrúa sjóðsins. Þá eru nú öll eyðublöð sjóðsins, sem ekki krefjast undirskriftar, á rafrænu formi á vef sjóðsins. Þau sem út af standa þurfa hins vegar að bíða almennrar innleiðingar rafrænnar undirskriftar á Íslandi.

Þá má nefna að á vefnum er einnig unnt að kalla fram lifandi upplýsingar um útdregin húsbref og að sjálfsögðu er vefurinn hlaðinn upplýsingum um hvaðeina sem viðkemur starfsemi sjóðsins og því sem honum tengist.

Rafræn framtíð Íbúðalánasjóðs

Íbúðalánasjóður hefur sett sér það markmið að vera í fremstu röð hvað varðar rafrædda þjónustu og mun að sjálfsögðu halda áfram á þessari braut vefvæðingar. Hinn 1. febrúar síðastliðinn voru opnuð tilboð í nýtt afgreiðslukerfi fyrir sjóðinn þar sem meðal annars er stefnt að því að samstarfsaðilar sjóðsins hafi beinan vefaðgang að upplýsingum, stöðu og vinnslu umsókna.

Samskrá íslenskra bókasafna:

Hvað gerir gegnir.is fyrir þig?

Höfundar: Harpa Rós Jónsdóttir og Sigrún Hauksdóttir, starfsmenn Landskerfis bókasafna hf.

Gegnir.is er samskrá um 200 íslenskra bókasafna þar sem nálgast má upplýsingar um safnkost þeirra og sjá upplýsingar um eigin stöðu, til dæmis útlán. Efnissvið spannar allt frá þörfum grunnskólanemenda til þarfa háskólaprófessorsins.

Í gegnir.is er ekki aðeins að finna bækur heldur einnig tónlistarefni, greinar, kvikmyndir og tengingar í rafrænar útgáfur hinna ýmsu opinberu stofnana. Sérstakur leitargrunnur er fyrir lokaverkefni nemenda í íslenskum háskólum. Í nánustu framtíð má vænta fleiri sértækra leitargrunna á gegnir.is, til að mynda fyrir tónlist og sérstaka notendahöpa, til dæmis börn.

Margvísleg þjónusta

Viðskiptavinir bókasafna geta séð hvaða verk þeir eru með í láni, hvenær þeim skal skilað, endurnýjað og lagt inn frátektaarbeiðni í sínu safni. Lánþegar safna sem eru í samvinnu við önnur bókasöfn um millisafnalán, til dæmis háskólabókasöfnin, geta lagt inn beiðni um lán frá innlendum svo og erlendum söfnum. Önnur þjónusta í boði er að hægt er að geyma leit til að auðvelda heimildarvinnu og einnig er mögulegt að safna niðurstöðum í lista og geyma.

Sjálfsafgreiðsla á döfinni

Stefnt er að því að auka virkni kerfisins í náninni framtíð. Í því sambandi má nefna uppsetningu á sjálfsafgreiðsluvélum en þar ríður Borgarbókasafnið á vaðið síðar á þessu ári, fyrst íslenskra bókasafna. Með sjálfsafgreiðsluvélum er lánþegum gert kleift að taka bækur að láni og skila upp á eigin spýtur. Sjálfsafgreiðsluvélur spara bæði vinnu starfsfólks bókasafna og auka athafnafrelsi lánþegans.



Harpa Rós Jónsdóttir.



Sigrún Hauksdóttir.

Sjálfsafgreiðsla á www.reykjavik.is:

Reykjavík í einum smelli

Höfundur: *Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri þjónustu- og rekstrarsviðs.*

Rafræn Reykjavík er einkasvæði íbúa á vef Reykjavíkurborgar (www.reykjavik.is) þar sem hægt er að sækja um þjónustu borgarinnar og möguleiki er á gagnvirkum samskiptum milli íbúa og borgaryfirvalda. Rafræn Reykjavík er í fararbroddi varðandi rafræna stjórnsýslu hér á landi en sérstaða hennar felst í umfangi þjónustunnar og áherslu á sjálfvirkni og sjálfsafgreiðslu.

Rafrænar umsóknir á vegum Reykjavíkurborgar eru átján talsins. Hægt er að sækja um byggingarleyfi, leikskólapláss, ferðastyrk í gegnum Reykjavík Loftbrú og eignaskiptayfirlýsingu í Rafrænu Reykjavík, svo nokkrar umsóknir séu nefndar. Fjórar umsóknanna eru það sem við köllum algagnvirkar. Það eru umsóknir um grunnskóla, tónlistarskóla, frístundaheimili og sumarstörf hjá Vinnumiðlun ungs fólks. Íbúar geta skráð sig inn í Rafrænni Reykjavík, fyllt út umsókn rafrænt og fylgst með afgreiðslu hennar. Með því að fara inn á „mínar síður“ er hægt að sjá stöðu mála og fylgjast með skilaboðum sem eru send út þegar staða umsóknar breytist.

Á síðasta ári, 2006, voru um 8.000 gagnvirkar umsóknir um grunnskóla, frístundaheimili og tónlistarskóla sendar í gegnum Rafræna Reykjavík. Í dag hafa rúmlega 10.000 einstaklingar aðgang að „mínum síðum“. Umfangið er því mikið og fer ört vaxandi.

Reynsla af sjálfsafgreiðslu

Könnun sem gerð var í sumar á viðhorfi íbúa sem nýttu sér þjónustu Rafrænnar Reykjavíkur kom mjög vel út. Fólki fannst auðvelt að nota þjónustugáttina, það var ánæggt með sjálfsafgreiðsluna og vildi meiri vefþjónustu. Þessi niðurstaða er mikil hvatning fyrir borgina til að halda áfram að efla og bæta rafræna þjónustu.

Áður en boðið er upp á nýja þjónustu þarf hinsvegar að greiða úr flækjum af ýmsum toga. Reynsla Reykjavíkurborgar hefur sýnt að undirbúningsvinna skilar sér margfalt til baka í færri vandamálum og kostnaðarsömum breytingum eftir á. Þarfragreining, vönduð greining á verkferlum og allsherjarinnahússtílect ásamt því að kynna sér lausnir í boði eru grundvöllur að góðri vegferð. Mikil vinna hefur farið fram við að safna saman gögnum um þjónustupætti Reykjavíkurborgar og byggja gagnagrunn um þjónustu borgarinnar sem nýtist bæði almenningi sem sækir upplýsingar á vefinn og starfsmönnum borgarinnar. Þjónustulýsingarnar gera það að verkum að allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar eru aðgengilegar.

Flókin vandamál til úrlausnar

Við uppbyggingu rafrænnar þjónustu hefur Reykjavíkurborg þurft að takast á við flókin vandamál, s.s. tengingar við mörg og ólík bakendakerfi, tengingar og samstarf við stofnanir og fyrirtæki af ýmsum toga, lagalegar hindranir og flóknar kröfur um fylgiskjöl eða gögn sem erfitt getur verið að uppfylla. Nokkrar hindranir sem enn eru óleystar eru til dæmis tenging við sýslumannsembættið í Reykjavík, tenging við ríkisskattstjóra og aðgangur að rafrænum skólavottorðum. Einnig er unnið að því að finna farsæla leið til að fá rafrænar undirskriftir frá fleiri en einum aðila. Þar sem sjálfvirkni á vef er ný af nálinni þarf enn að ryðja ýmsum tæknilegum og lagalegum hindrunum úr vegi. Eins tekur það suma borgara nokkurn tíma að venjast og tileinka sér þessa nýju samskiptamöguleika og þjónustu.

Aukin þjónusta og þátttaka íbúa

Þjónustugátt Rafrænnar Reykjavíkur býður upp á mikla möguleika hvað sjálfsafgreiðslu íbúa Reykjavíkurborgar varðar. Mikill vilji er innan borgarinnar fyrir því að efla rafræna þjónustu við íbúa enn frekar og verður það gert markvisst.

Mörg spennandi verkefni eru í gangi eða að fara af stað á næstunni. Nýlega var svokallað netspjall við starfsmenn borgarinnar tekið í notkun. Samskiptakerfið heitir Svarbox og er framleitt af Modernus. Netspjallið



auðveldar einstaklingum að fá aðstoð og upplýsingar á fljótlegan og auðveldan hátt með beinni tengingu við starfsmenn borgarinnar. Verkefnið fór fyrst af stað í símaveri borgarinnar en innan tíðar verður sama tækni tekin í notkun víðar í borgarkerfinu.

Þessa dagana er unnið hörðum höndum að því að innleiða sjálfvirk kerfi til að taka á móti fyrirspurnum og ábendingum af vef borgarinnar. Íbúar munu geta sent inn ábendingar til borgarinnar og fylgst með afgreiðslu þeirra frá upphafi til enda á vefnum. Borgarstarfsmenn munu geta nýtt kerfið til að halda utan um fyrirspurnir og ábendingar og fylgja þeim eftir á markvissan hátt.

Nú er vinna hafin við innleiðingu póstlista, sem íbúar munu geta notað til að gerast áskrifendur að upplýsingum um framkvæmdir, skipulag, menningarviðburði og ýmsa þjónustu. Einnig er verið að kanna þann möguleika að bjóða íbúum upp á að láta skoðanir sínar í ljós í gegnum skoðanakannanir á vef.

Fyrirtækjaaðgangur opnaður fljótlega

Bráðlega verður opnaður fyrir fyrirtækjaaðgang í Rafrænni Reykjavík. Þá geta fyrirtæki átt í ýmsum samskiptum við borgina, sótt um þjónustu, greitt reikninga og fylgst með afgreiðslu sinna mála.

Þau verkefni sem hér hafa verið nefnd munu efla Rafræna Reykjavík og vef borgarinnar talsvert og opna nýja möguleika hvað varðar rafræna þjónustu Reykjavíkurborgar og þátttöku íbúa í borgarlífinu. Með einum smelli geta íbúar fengið aðgang að þjónustu Reykjavíkurborgar hvar sem er, hvenær sem er og um leið eykst hagkvæmni í borgarrekstrinum. Allir hagnast því á sjálfsafgreiðslu á vef.



Regína Ásvaldsdóttir.



Stærsta upplýsingaveita á Íslandi

Höfundur: Sveinn Ólafsson, umsjónarmaður landsaðgangs að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum.

Landsaðgangur að gagnasöfnum og rafrænum tímaritum er verkefni sem veitir hverjum sem tengist Netinu á Íslandi aðgang að yfir 14.000 tímaritum í fullum texta, yfir 6.000 tímaritum í útdrætti, 12 gagnasöfnum, yfir 200.000 myndum og 100.000 greinum af öðru tagi.

Vefur aðgangsins nefnist hvar.is. Þjónustan miðast við að notandi eigi sem greiðasta leið að því efni sem þar er að finna og í flestum tilfellum þarf ekki að leita lengra. Notendur finna upplýsingar um hvaða tímarit og hvaða árgangar af þeim eru aðgengileg í tímaritalistum. Þegar notendur þurfa að fá greinar sem ekki finnast þar geta þeir notað þjónustu bókasafna. Tölur um notkun og leiðarval notenda sýna að upplýsingaleiðir eru greiðar á hvar.is. Vefurinn hvar.is, gagna- og tímaritasöfnin eru öll hönnuð með auðvelt aðgengi að augnamiði.

Einstakur aðgangur

Aðgangurinn er einstakur að því leyti að hann er jafnaðgengilegur um allt land, í öllum tölvum sem tengjast Netinu gegnum íslenska netveitu. Í öðrum löndum er ekki boðið upp á svona víðtækan aðgang. Þar er hann bundinn við stofnanir; háskóla, heilbrigðisstofnanir, rannsóknastofnanir eða bókasöfn. Hér á landi má komast í hann hvar sem er og hvenær sem



Aðgangurinn er einstakur að því leyti að hann er jafnaðgengilegur um allt land, í öllum tölvum sem tengjast Netinu gegnum íslenska netveitu.

er. Hagræðið er meðal annars fólgið í því að aðeins er greitt fyrir eina áskrift að hverju tímariti sem þarna er að finna fyrir allt landið. Það eru bókasöfnin í landinu, stofnanir og nokkur fyrirtæki sem greiða fyrir áskriftirnar, þannig að fyrir notanda er þjónustan endurgjaldslaus. Notandi getur því sparað sér ferðir og

fé og margar smáferðir hafa fallið niður við þennan aðgang. Þannig hefur þessi leið verið umhverfisvæn. Ekki síst hefur hún sparað tíma vísindafólks og þeirra sem starfa við rannsóknir.

Efni við allra hæfi

Landsaðgangur nýtist öllum. Flest gagnasöfnin og tímaritasöfnin eru á ensku en þar er einnig mikið efni á íslensku. Árið 2006 voru sóttar yfir 700.000 greinar í fullri lengd í gagna- og tímaritasöfnin auk yfir 116.000

leita í Web of Science. Á þessu ári hafa bæst við stór tímarita- og gagnasöfn frá Ebsco og Sage. Notendur geta leitað beint í gagna- og tímaritasöfnunum eða valið svokallaða samsteypuleit, sem nefnist „Leit að öllu“ á hvar.is, og leita þá í mörgum gagnasöfnum samtímis. Fólk getur auk þess flett upp einstökum tímaritum eftir heiti þeirra eða fundið öll tímarit á ákveðnu sviði. Allar nánari upplýsingar eru á vef aðgangsins, <http://hvar.is>.



Sveinn Ólafsson.

Nýjung í námskeiðahaldi á heimasíðu Impru nýsköpunarmiðstöðvar:

Ótal möguleikar til að miðla þekkingu

Höfundur: Hallfríður Benediktsdóttir, upplýsingafulltrúi Impru - nýsköpunarmiðstöðvar, Iðntæknistofnun.

Impra nýsköpunarmiðstöð býður nýtt vefnámskeið sem er opið öllum á heimasíðu sinni, www.impra.is. Með hjálp tækni sem nefnd er þekkingarstraumur (streaming) er hægt að miðla efni í gegnum Netið til margra notenda samtímis hvar og hvenær sem er.



Skjámynd af námskeiði Jóns V. Gíslasonar um rekstrarform fyrirtækja.

Ekkert niðurhal á sér stað í tölvu notenda sem gerir miðlunina skilvirkari og hraðari. Þessi nýjung gerir kleift að nota myndbandsupptökur eða beinar útsendingar og leiðbeina á þann hátt jafnt með mynd, hljóði, texta og skýringum um tiltekið efni, hvort sem er í nokkrar mínútur þegar tekið er á afmörkuðu efni eða í nokkrar klukkustundir þegar efnið er umfangsmeira.

Námskeið um rekstrarform fyrirtækja þar sem þessari tækni er beitt er hægt að nálgast á heimasíðu Impru. Leiðbeinandi er Jón Gíslason rekstrarráðgjafi. Helstu efnistökur eru markmið og tilgangur, stofnun fyrirtækja, form fyrirtækja, lög og reglugerðir. Farið er í það hvernig fylla á út eyðublöð sem tengjast stofnun og rekstri og vísað er í itarefni og tengla á vefsíðu Impru eða annarra sem bjóða fræðslu á þessu sviði. Námskeiðið er gjaldfrjálst á www.impra.is.

Aukin fjölbreytni

Þessi tækni býður upp á ótal möguleika til að miðla þekkingu. Á næstu misserum hyggst Impru nýta sér þessa tækni til að bjóða upp á ýmiss konar námskeið því tæknin er vel til þess fallin að kenna ýmis atriði á sviði rekstrar og stjórnunar og hentar ekki síður til að kenna verklag á fjölmörgum sviðum tækni og þjónustu. Til að mynda hentar hún vel við kennslu í hvers konar fagnámi, t.d. um samsetningu hitaveiturora og viðhald véla svo fátt eitt sé nefnt.

Impra á nú í viðræðum um samstarf á þessu sviði við samtök, fyrirtæki og stofnanir. Þessi nýjung eykur fjölbreytni í námskeiðahaldi sem gerir fyrirtækjum og einstaklingum auðveldara að sækja sér þekkingu óháð tíma og staðsetningu.

Landsins glæsilegasta ráðstefnu- og sýningaaðstaða




Fífan og Smárinn

Fífan og Smárinn bjóða eina glæsilegustu sýningaaðstöðu á Íslandi, 14 þúsund fermetra sambyggðar íþróttar- og sýningarhallir sem hýst hafa margar af stærstu vörusýningum sem haldnar hafa verið hérlendis. Þráðlaust netkerfi og aðstaða fyrir minni fundi.

Fífan og Smárinn eru í miðju Kópavogsdals og aðkoma að svæðinu er mjög góð.

Nánari upplýsingar í síma 570 1600.
www.kopavogur.is



Salurinn

Salurinn í Tónlistarhúsi Kópavogs, einn besti tónleikasalur landsins og hannaður með góðan hljómburð í huga, hefur einnig reynst frábær staður fyrir ráðstefnur, fundi, kynningar og námskeið af ýmsu tagi.

Salurinn tekur 300 manns í sæti og góð veitingaaðstaða er í forrými.

Salurinn er í Borgarholti við Kópavogsgjána.

Nánari upplýsingar í síma 5 700 400.

www.salurinn.is



Kópavogsbær
- um þjóðbraut þvera



Upplýsingatækniverkefni dóms- og kirkjumálaráðuneytis:

Sjálfsgreiðsla borgaranna sparar þúsundir vinnudaga á ári

Höfundar: Þorsteinn Helgi Steinarsson, rafmagnsverkfræðingur MSc, og Sigurður Jónasson ráðgjafi.

Upplýsingatækniverkefni dóms- og kirkjumálaráðuneytis undanfarin ár eru mörg en hér verður aðeins gerð grein fyrir ákveðnum verkefnum Þjóðskrár og verkefni um rafrænt þjónustulag sem ráðueytið hefur haft forgöngu um. Verkefnin tengjast beint og óbeint verulegu almennu hagræði, samþættingu upplýsingakerfa og fjárhagslegum sparnaði fyrir borgarann og stjórnarsýsluna. Þessi verkefni hafa auk þess mikil hliðaráhrif á þann umhverfisvænleika sem upplýsingatæknisamfélagið skapar.

Meðal fjölbreyttra verkefna á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins hefur markvisst verið unnið að endurskoðun á þjónustu við borgara, endurnýjun og endurbótum á upplýsingakerfum, verklagsreglum og verkferlum því tengdu. Björn Bjarnason ráðherra hefur um langt skeið sýnt þessum málum sérstakan áhuga og verið óhræddur við að leggja upp með og móta nýjar stefnur.

Í þeim tilgangi að auka faglega sérhæfingu og mæta kröfum borgaranna varðandi þjónustustig og gæði hefur þurft og verður að staðla upplýsingar og skráningarmál og bæta aðgengi að þeim. Þannig er upplýsingatækni

meðvitað notuð til að gera stjórnarsýsluna skilvirkari.

Þörf á pappírsviðskiptum lágmarkuð

Ýmsar rekstrar- og skipulagsbreytingar hafa verið gerðar á upplýsingatæknimálum ráðuneytisins. Það hefur fyrst og fremst verið gert til að mæta hinum nýju kröfum og til að undirbúa stórauðna rafræna

þjónustu gagnvart almenningi, stofnunum og fyrirtækjum landsins. Höfuðmarkmiðið er að lágmarka þörf á pappírsviðskiptum á sem flestum þjónustustigum án þess að það komi niður á öryggi eða gæðum veittrar þjónustu.

Í þessu sambandi má nefna að ný vegabréf eru nú gefin út í algjörlega pappírslausu umsóknar- og framleiðslukerfi sem hefur stýtt

meðalafgreiðslutíma vegabréfa úr 10 dögum í 2 virka daga auk þess sem framleiðslan krefst mun minna vinnuframlags en áður. Loks hefur umstang borgaranna minnkað í umsóknarferlinu og verulegur tími sparast.

Þjóðskrá í stöðugri þróun

Rekstur og ábyrgð á þjóðskránni heyrir undir Þjóðskrá sem frá því um mitt síðasta ár hefur verið sjálfstæð rekstrareining dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, en til margra ára þar áður var verkefnið hjá Hagstofunni.

Langt er síðan Þjóðskrá okkar Íslendinga þróaðist í það að vera eitt mikilvægasta og mest notaða upplýsingagagnasafnið á landsvísu en ótal kerfi stjórnarsýslunnar og stærri sem smærri fyrirtækja landsins tengjast henni á einn eða annan máta.

Upplýsingar um persónulega hagi einstaklinga eru stöðugt að breytast og gagnasafn Þjóðskrár inniheldur í dag upplýsingar um yfir 450.000 einstaklinga. Árlega berast Þjóðskránni skriflega um 25-30.000 tilkynningar um búsetuflutninga allt að 60 þúsund einstaklinga. Til viðbótar fær Þjóðskráin yfir 15.000 aðrar þjónustubeiðir varðandi skráningarmál. Þá eru ótalin ýmis vottorð sem Þjóðskráin gefur út samkvæmt skriflegum beiðnum.

Umsýsla og utanumhald tölvuvæddrar þjóðskrár er og hefur verið í stöðugri þróun. Samvinna og aukin samþætting gagnaskráa við innlendar og erlendar stofnanir er þegar staðreynd. Má þar m.a. nefna samnorrænt flutningsvottorð og rafræna samnorræna úrvinnslu þess.

Undantekningalítið í dag er kennitala einstaklings hvergi slegin inn í tölvukerfi án þess að frekari upplýsingar um viðkomandi séu ekki sóttar í Þjóðskrána.

Árlega berast Þjóðskránni skriflega

um 25-30.000 tilkynningar um

búsetuflutninga allt að 60 þúsund

einstaklinga. Til viðbótar fær Þjóðskráin

yfir 15.000 aðrar þjónustubeiðir

varðandi skráningarmál.

Verkefni sem efla eiga Þjóðskrána

Nú er verið að setja af stað nokkur verkefni á vegum dóms- og kirkjumálaráðuneytis sem ætlað er að efla Þjóðskrána á ýmsa lund. Þar má nefna möguleika borgaranna á því að senda inn flutningstilkynningar rafrænt yfir Netið að því gefnu að slíkar tilkynningar séu auðkenndar á tilhlýðilegan máta. Fljótlega ætti því að vera óþarfi að mæta í afgreiðslu Þjóðskrár eða sveitarfélags til að skrásetja nýtt lögheimili.

Annað sem lengi hefur verið beðið eftir er möguleikinn á því að skrá í rafræna Þjóðskrá og fletta upp á löngum (fullum) nöfnum einstaklinga. Þetta verður nú mögulegt ásamt því að sækja ýmis vottorð á Netinu, t.d. fæðingavottorð og búsetuvottorð.

Árlega fæðast 4-5.000 nýir Íslendingar og fæðingar og skírnaðskrár ættu eðlilega að berast til Þjóðskrár með rafrænum hætti. Á sama hátt þarf Þjóðskrá að fá sendar dánartilkynningar.

Allir þessir möguleikar krefjast róttækra endurbóta á gagnagrunnskerfum Þjóðskrár og m.a. skráningar á gögnum sem nú eru einungis til á pappír. Þessir möguleikar krefjast einnig þess að unnt sé að auðkenna þann sem nálgast þjónustu Þjóðskrár (þ.e.a.s. að viðkomandi sanni á sér deili t.d. með notkun á notendanafni og lykilorði eða með rafrænu skilríki) og jafnframt að unnt sé að taka við greiðslum rafrænt, þegar það á við. Þessir þættir verða leystir með tilkomu rafræns þjónustulags.

Rafrænt þjónustulag – að gera hlutina sjálfur

Svokallað rafrænt þjónustulag hefur verið tilraunaverkefni um tíma hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og er unnið í nánú samráði við önnur ráðuneyti. Í rafræna þjónustulaginu eru tölvukerfi ráðuneytisins tengd við ytri notendur ásamt tölvukerfum annarra stofnana ríkisins. Þar er einnig haldið utan um samræmdar aðgangsstýringar, notendauðkenningar og opnað fyrir greiðslumiðlun og þar með rafrænar bókanir til Tekjubókhalds ríkisins. Endurnýtanleiki auðkenningar- og greiðslumiðlunarvirki í

þjónustulaginu fyrir einstakar ríkisstofnanir flýttir verulega fyrir þróun vefþjónustu fyrir borgarana.

Rafræna þjónustulagið styður notkun á rafrænu skilríki við auðkenningu en jafnframt munu veflyklar RSK verða notaðir við auðkenningu fyrst um sinn.

Fyrsta verkefnið sem nýtt sér rafræna þjónustulagið er Leyfisveitingakerfi Ríkislögreglustjóra, en þar mun borgaranum verða gert kleift að sækja um leyfi og fylgjast með leyfisumsókn sinni, greiða fyrir viðkomandi leyfi og taka loks við því á „rafrænan hátt“, allt á sinni heimavinnustöð.

Rafræna þjónustulagið gegnir lykilhutverki í aukinni þjónustu Þjóðskrár en einnig í ýmsum öðrum upplýsingatækniverkefnum ráðuneytisins sem lúta að aukinni gagnvirkri vefþjónustu.

Nauðsynleg þjónusta sótt beint til viðkomandi stjórnábyrgð

Með rafræna þjónustulaginu er verið að auka möguleika borgarans á því að reka erindi sitt eða sækja nauðsynlega þjónustu beint inn til viðkomandi stjórnábyrgð, þannig að þegar það á við, miðað við viðkomandi verklagsreglur, sé hann í raun að gera alla



Sigurður Jónasson.



Þorsteinn Helgi Steinarsson.

hluti sjálfur, frá þeim stað og á þeirri stundu sem honum hentar.

Rafræna þjónustulagið er hugsað sem almennt samþættingakerfi. Það verður rekið sem sjálfstæð eining á vegum forsætisráðuneytisins og möguleikar þess til að opna á aðgangi að stjórnábyrgðum almennt séð eru ekki bundnir við kerfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins heldur eru þeir öllum opnir. Þætti dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í rafræna þjónustulaginu verður fyrst og fremst sinnt af Þjóðskrá en ástæða er til að hvetja aðrar stofnanir til að kynna sér möguleikana sem rafræna þjónustulagið býður.

Vegabréf – skírteini – rafrænt nafnskrírteini

Nýir möguleikar í samskiptum eru sífellt að koma fram sem geta aukið sjálfvirkni og skilvirkni upplýsingakerfa. Fjöldi opinberra verkefna er í vinnslu og tengslum við Þjóðskrá þar sem hagnýting og samþætting á upplýsingakerfum á tvímælalaust eftir að auka skilvirkni.

Þáttur Þjóðskrár bæði sem rekstrareiningar og sem miðlægs gagnasafns við slíka samþættingu er alltaf að verða mikilvægari og um leið tæknivæddari.

Nýlega tók Þjóðskrá við allri útgáfu á vegabréfum af Útlendingastofnun

og nú er verið að hefja útgáfu á svokölluðum dvalarleyfisskrírteinum útlendinga fyrir Útlendingastofnun. Þá mun framleiðsla ökuskrírteina sem gefin eru út af Ríkislögreglustjóra væntanlega flytjast til Þjóðskrár í vor en hún hefur undanfarið farið fram erlendis.

Undirbúningsvinna er hafin við fyrirhugaða útgáfu á rafrænu nafnskrírteini sem mun taka við af gamla nafnskrírteininu. Þetta nýja skilríki mun gagnast handhafa sem ferðaskilríki innan Schengen-svæðis Evrópu og kemur þannig í stað vegabréfs en jafnframt innihalda rafrænt skilríki sem nota má til auðkenningar í rafheimum, t.d. þegar nálgast á þjónustu Þjóðskrár svo sem þegar senda á inn flutningstilkynningar eða til að undirrita tölvupóst.

Umhverfisvæn upplýsingakerfi – græna leiðin

Það þarf ekki að fjölýrða um hagræðinguna eða jákvæðu umhverfisáhrifin þegar 25-30.000 flutningstilkynningar innanlands til Þjóðskrár taka að berast rafrænt til gagnagrunnsins. Í þessum tilvikum er vægt áætlað miðað við 30 mínútna ferðalag með flutningstilkynningarvottorð á pappírformi til næstu sveitarstjórnarskrifstofu eða á skrifstofu Þjóðskrár, að hægt væri að spara um 2.000 vinnudaga á ári auk ýmiss annars hagræðis.

Hjá flestum stofnunum og fyrirtækjum innan sem utan stjórnábyrgð er reglulega krafist ýmissa opinberra vottorða sem fylgigagna viðkomandi erinda. Með tilkomu rafræna skilríkja og almennrar notkunar á rafrænu þjónustulagi er orðið enn auðveldara að flytja nauðsynleg og samnýtanleg gögn á milli upplýsingakerfa. Þjónusta hins opinbera er í raun opin

allan sólarhringinn og borgarinn ekki háður því að mæta í eigin persónu á ákveðna starfstöð viðkomandi stofnunar eða fyrirtækis.

Verulegur beinn og óbeinn fjárhagslegur sparnaður af hinu almenna og þverfaglega hagræði, að ógleymdum ómælanlegum tímasparnaði hjá öllum hlutaðeigandi, verður ein af árangursríkustu og umhverfisvænustu aðgerðum samfélagsins gegn pappír- og möppuflæði.

Höfundar vinna hjá Ásverk verkfræðistofu.

LAUSNIR FRÁ CAPACENT RÁÐGJÖF

UPPLÝSINGATÆKNI Í FREMSTU RÖÐ

Á sviði upplýsingatækni, býður Capacent Ráðgjöf m.a. upp á eftirfarandi þjónustu:

- Stefnumótun í upplýsingatækni
- Greining á rekstri upplýsingatæknimála
- Þarfagreining fyrir nýtt upplýsingakerfi
- Gerð útboðsgagna og öflun tilboða
- Val á nýju upplýsingakerfi
- Verkefnisstjórnun
- Þátttaka í verkefnisstjórn og stýrihópum
- Greining á valkostun við rekstur og hýsingu á upplýsingakerfum
- Upplýsingaöryggi
- Innleiðing og undirbúningur fyrir vottun á ISO 27001
- Framkvæmd áhættumats
- Neyðaráætlanir
- Innbrótsprófanir
- Gæðamál
- Innleiðing gæðastaðla
- Umsjón með gæðamálum

Fyrirspurnir má senda á netfangið radgjof@capacent.is

Nánari upplýsingar er að finna á www.capacent.is



capacent
RÁÐGJÖF

Minni kostnaður og aukið hagræði

Höfundur: Stefán Jón Friðriksson sérfræðingur, fjármálaráðuneyti.

Ríkið hefur undanfarin ár einkum staðið fyrir þremur verkefnum í tengslum við rafræn innkaup. Þau varða þróun og innleiðingu rafræns innkaupakorts, rafræns markaðstorgs (RM) og loks þróun og innleiðingu á vöru- og birgðastýringarkerfi fjárhags- og mannauðskerfa ríkisins (Oracle).


Sjö ár eru frá því innkaupakortið var tekið í notkun. Kortið gerir stofnunum kleift að lágmarka umsýslukostnað sinn vegna smáinnkaupa, fækka reikningum og veita stofnunum greinargóðar upplýsingar um innkaup á rafrænu formi. Fyrstu árin gekk hægt að innleiða kortið hjá stofnunum, nokkuð bar á því að þessum innkaupamáta væri vantrest og tæknilegir erfiðleikar spiluðu þar þátt, auk þess sem notkun og bókun þessara viðskipta krafðist nýs vinnulags. Þegar líða tók á árið 2004 virtist hins

grundvöll fyrir rafrænum viðskiptum. Rafræn innkaup krefjast agaðra vinnubragða, þar sem kaupendur jafnt sem seljendur þurfa að leggja sig fram um að koma innkaupum í fastmótað ferli. Stöðlun og sveigjanleiki í miðlun viðskiptaskjala eru þar lykilatriði. Önnur mikilvæg forsenda þess að sýnilegur árangur náist er sú, að unnt sé að gera miðlun viðskiptaupplýsinga, frá pöntun til miðlunar reiknings, alfarið með rafrænum hætti. Þróuð rafræn innkaupakerfi draga ekki aðeins úr viðskiptakostnaði og auka skilvirkni

heldur gera þau litlum og meðalstórum fyrirtækjum einnig hægara um vik að bjóða vörur og þjónustu hérlendis og á evrópskum markaði. M.a. í því ljósi hefur ríkið sett sér stefnu sem kynnt verður á UT-deginum 8. mars nk.

Markaðstorgið mikilvægt innkaupatæki

Velta rafræns markaðstorgs árið 2006 var um 340 m.kr. Þar vega innkaup Landspítala-háskólasjúkrahúss hvað þyngst. Eftirtektarvert er að hlutfallsleg innkaup á rekstrarvörum og lyfjum smærri heilbrigðisstofnana á borð við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Sjúkrahúss Akraness, svo dæmi séu tekin, fara að verulegu leyti fram í gegnum markaðstorgið. Hjá þessum stofnunum hefur bæði skapast mikið hagræði og orðið sparnaður við innkaup.



Rafræna innkaupastefnan tekur til alls innkaupa-ferlisins, frá upprunakaupum til greiðslu reikninga.

vegar sem flestir þessir þættir hefðu verið yfirunnir. Aukning í notkun kortsins hefur farið hraðvaxandi og nam velta kortsins árið 2006 um einum milljarði króna samanborið við 740 m.kr. árið áður. Áætlaður sparnaður ríkisins á ári vegna umsýslu er um 100 m.kr. Segja má að verkefnið hafi því tekist með farsælum hætti þótt árangur hafi látið á sér standa framan af. Í samanburðarkönnun, sem gerð var árið 2005 á vegum Evrópusambandsins á meðal aðildarþjóða og EES-landanna, var verkefnið tekið til sérstakrar kynningar um árangur.

Rafrænt markaðstorg (RM)

Hinn 15. mars nk. eru liðin fimm ár frá því ritað var undir samning milli fjármálaráðuneytisins og ANZA hf. um þróun og rekstur Rafræns markaðstorgs (RM). Var íslenska ríkið meðal fyrstu þjóða í Evrópu til að bjóða stofnunum hins opinbera upp á þann möguleika að panta vörur á miðlægu markaðstorgi á vefnum, auk þess sem birgjar gátu sent inn

upplýsingar um vörur með reglubundnum hætti til birtingar á markaðstorgi RM. Markmið samningsins var að auka sveigjanleika og draga úr kostnaði við innkaup á vörum og þjónustu hjá opinberum aðilum þar sem rammisamningar Ríkiskaupa eru notaðir. Nýlega var birgjum og stofnunum tilkynnt að samningur þessi yrði ekki framlengdur. Um þessar mundir er fjármálaráðuneytið í samvinnu við Ríkiskaup að leita leiða til að tryggja áframhaldandi

Stefnumótun ríkisins um opinber innkaup

Að frumkvæði fjármálaráðuneytisins hefur starfshópur skipaður fulltrúum frá ráðuneytinu, Fjárfélagi ríkisins og Ríkiskaupum, unnið að stefnumótun um rafræn opinber innkaup. Tekur stefnan m.a. mið af yfirlýsingu sem ráðherrar Evrópusambandsins og EES-ríkjanna gáfu út í nóvember 2005 þar sem sett eru fram markmið sem ætlað er að gera Evrópu leiðandi í notkun upplýsingatækni í heiminum ef þau ná fram að ganga. Þar eru sérstaklega sett fram markmið um að allar opinberar stofnanir í Evrópu geti látið öll innkaup fara fram með rafrænum hætti, ef það er á annað borð heimilt samkvæmt lögum. Einnig er miðað við að 50% af innkaupum innan Evrópusambandsins yfir ákveðnu lágmarki verði rafræn árið 2010. Hvað Ísland varðar, gera drög að stefnu Íslands á þessu sviði ráð fyrir að öll ráðuneyti og stofnanir geti stundað innkaup sín fyllilega með rafrænum hætti fyrir árslok 2009. Það þýðir m.ö.o. að pantanir á grunni samræmdra vörulista, gerð breytinga á pöntunum og loks gerð og sending reiknings, fari fram án þess að grípa þurfi inn í ferlið með handvirkum hætti.

Kynnt á ráðstefnu UT-dagsins

Það að ríkið geti almennt tekið við rafrænum reikningum frá veitendum vöru og þjónustu á markaði, vegur þar þyngst. Í starfi stefnumótunarhópsins er lögð rík áhersla á að ríki, sveitarfélög og atvinnulíf taki höndum saman um þetta sameiginlega hagsmunamál.

Á UT-deginum 8. mars nk. verður stefna ríkisins í rafrænum innkaupum kynnt. Standa vonir fjármálaráðuneytisins til þess að stefnan verði opinberum stofnunum á vegum ríkis og sveitarfélaga hvatning til frekari sóknar og upptöku nýrra vinnubragða við innkaup. Undirstöðurnar þurfa að vera styrkar en ávinningurinn er ljóslega til staðar.



Stefán Jón Friðriksson.

Stefna Íslands á þessu sviði gerir ráð fyrir að öll ráðuneyti og stofnanir geti stundað innkaup sín fyllilega með rafrænum hætti fyrir árslok 2009.

rekstur innkaupatorgs fyrir ríkisstofnanir, sem starfa mun út yfirstandandi ár, en ráðgert er að nýtt innkaupatorg muni verða boðið út fyrir árslok. Væntingar til torgsins voru miklar í byrjun, m.a. kemur fram í innkaupastefnu ríkisins árið 2002, að ætlunin sé að hagræðing í innkaupum með notkun rammisamninga og rafrænna viðskipta geti numið um 1.100 m.kr. Gert var ráð fyrir að innkaup ríkisins í almennum rekstrar- og sérvörum yrði með rafrænum hætti fyrir lok ársins 2004. Viðurkenna verður að þetta metnaðarfulla markmið hefur enn ekki náð fram að ganga. Sömu sögu er að segja af frændþjóðum okkar, Noregi og Danmörku, en fyrirmynd rafræna markaðstorgsins er m.a. sótt þangað.

Nokkrar af þeim ástæðum sem nefndar hafa verið fyrir því að markmiðið náðist ekki, er að skort hefur á nægjanlega útfærða heildarsýn og



ENHEM / SIA / NM2591

Framsæknasta gagnvirka sjónvarpstækni í Evrópu er hjá Símanum



SJÓNVARP SÍMANS FÆR ALÞJÓÐLEG VERÐLAUN CISCO

Síminn hlaut í síðustu viku alþjóðleg verðlaun frá Cisco fyrir gagnvirka sjónvarpsþjónustu Símans um ADSL og jafnframt framúrskarandi tæknilega lausn og markaðslegan árangur.

Í umsögn dómnefndar, sem í sáttu, auk Cisco, aðilar frá virtum markaðsgreiningar-fyrirtækjum eins og IDG og Current Analysis, segir að Síminn hafi borið höfuð og herðar yfir alla aðra samkeppnisaðila í gagnvirku sjónvarpi (IPTV). Síminn er í dag með langstærstu markaðshlutdeild á þessu sviði í heiminum, um 24% heimila landsins eru með Sjónvarp Símans. Vídeóleigan (VoD) hluti gagnvirka sjónvarpsins hefur náð mestri útbreiðslu í Evrópu, eða um 20% heimila. Síminn er þakklátur fyrir þennan mikla heiður.

Áskorun og stefna Samtaka iðnaðarins

Það er í senn skynsamlegt og nauðsynlegt að:

Móta **skýra stefnu og setja markmið** um uppbyggingu hátækni iðnaðar

Taka upp **endurgreiðslukerfi** vegna rannsókn- og þróunarverkefna

Afnema **samkeppnisforskot** sem virðisaukaskattur skapar stofnunum

Auka útvistun verkefna og **hætta samkeppni hins opinbera** við einkaaðila

Setja nauðsynlegan **lagaramma** um framtaksfjárfestingar

Gera **Nýsköpunarsjóð öflugan og sjálfstæðan**

Efla Tækniþróunarsjóð með auknu fé

Stórefla sókn í **verk-, tækni- og raungreinamenntun**

Eitt ráðuneyti sjái um málefni **atvinnuveganna**

Sameina rannsóknastofnanir atvinnuveganna í öfluga rannsóknamiðstöð

Straumlínulaga stoðkerfi atvinnulífsins og setja því markmið

Koma á stöðugleika með því að **draga úr gengissveiflum**

Efnahagsstjórnin **leiði ekki til vaxtastigs** sem er miklu hærra en ella

Sjá nánar á

www.si.is

